

# hér & nú

Fimmtudagur 8. júní 2006 - 22. töl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur



## SAMEINUÐ Í GLÆSIVILLU

LOGI, SVANHILDUR, SIGURÐUR KÁRI OG BIRNA  
KÆRATAN HANS FLYTJA SAMAN Á MELHAGA



**ÁSTFANGIN**  
**SÖNGKONAN DÍSELLA**

ISSN 1670-598X  
22  
9 771670 598005

**ÚTSKRIFTARVEISLA  
JAKOBS & BIRNU**

**ANÍTA BRIEM**

**MEÐ 15  
MANN  
Í VINNU**

**ÞAÐ VAR  
STRÁKUR!**

# Canon

## Canon EOS 350D

### Án linsu

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og frábærum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 ramar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Óflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun



### Canon RC-5

Þráðlaus fjarstyring

Kr. 2.490,-

**TILBOÐ** <sup>12</sup>mán

Kr. 7.473,-

Kr. 84.900,-  
Staðgreitt

### Canon RS-60 E3

Fjarstyring

Kr. 3.490,-

## Canon EOS 350D

### með 18-55mm linsu



**TILBOÐ** <sup>12</sup>mán

Kr. 8.423,-

Kr. 94.900,-  
Staðgreitt

## Canon EOS 350D

### með 55-200mm linsu, 18-55mm linsu og battery grip



**TILBOÐ** <sup>12</sup>mán

Kr. 10.431,-

Kr. 119.900,-  
Staðgreitt

## Canon EOS 350D

### með 17-85mm linsu og battery grip



**TILBOÐ** <sup>12</sup>mán

Kr. 13.509,-

Kr. 154.900,-  
Staðgreitt



### Canon UV filter

Verð frá Kr. 2.780,-

### Canon Protect filter

Verð frá Kr. 2.290,-

### Canon Polarizer filter

Verð frá Kr. 7.980,-



6  
mán

12  
mán

Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 6 eða 12 mánaða

# DAGAR

0%  
VEXTIR

Memory Corp™

M-C -the safe choice...  
1GB

15%  
afsláttur



Kr. 11.990,-

Memory Corp™

M-C -the safe choice...  
2GB

15%  
afsláttur



Kr. 17.990,-

Memory Corp™

M-C -the safe choice...  
4GB

15%  
afsláttur



Kr. 34.990,-

Memory Corp™

M-C -the safe choice...  
8GB

15%  
afsláttur



Kr. 59.990,-

**Canon**

MV 900

Myndflaga: 1/6" CCD  
Pixlar: 800.000k  
Zoom: 25x (optical)  
800x (digital)  
2,7" breiðtjaldsskjár 16:9  
Rafhlaða: 4½ klst  
Fullkomin hristivörn



TILBOÐ <sup>6</sup>mán  
Kr. 6.146,-

Kr. 34.990,-  
Staðgreitt

**Canon**

MVX460

Myndflaga: 1/5" CCD  
Pixlar: 1,33 millj.  
Zoom: 20x (optical)  
800x (digital)  
Breiðtjaldstökuvél  
Skjár: 2,7" 16:9 breiðtjald  
Minnsta ljósmagn 2 LUX  
USB 2 og Firewire  
Þyngd: 430 g  
Hristivörn



TILBOÐ <sup>12</sup>mán  
Kr. 6.405,-

Kr. 72.990,-  
Staðgreitt

**Canon**

DC 10

Myndflaga: 1/4" CCD  
Pixlar: 1,33 millj.  
Skjástærð: 2,5"  
Minnsta ljósmagn: 2 LUX  
Canon-linsa  
Zoom: 10x (optical)  
200x (digital)  
USB 2  
Tekur upp beint á DVD  
Dolby digital hljóðupptaka



TILBOÐ <sup>12</sup>mán  
Kr. 5.632,-

Kr. 63.990,-  
Staðgreitt

# HANS PETERSEN

Austurver • Bankastræti • Fjörður • Kringlan • Laugavegur 178 • Smáralind



# *The Champagne Club*



Fyrstir koma, fyrstir fá

**Why Not!**



**Happy hour**  
**Friday & Saturday**  
**From 21:00-01:00**  
Opið öll kvöld frá 21:00

Hafnarstræti 17, S: 820 2300 [www.champagneclub.biz](http://www.champagneclub.biz)

# hér & nú



20

## STJÖRNUFRÉTTIR

6–7 Aníta Briem: Gerir það gott í borg englanna.  
8 Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir: Eignuðust strák.  
10–13 Kaup og sala á Melhaganum.  
14–15 Innlendir fréttir af fólki og því sem það hefur fyrir stafni.  
16–17 Sitji Guðs englar: Siggí Sigurjóns leikstýrir.  
18–19 Hvað er að fréttu af Ólafi Helga Ólafssyni.  
20 Ási fatahönnuður: Hættur með Silvíu Nótt.  
22–27 Erlent slúður: Heitasta slúðrið úr Hollywood-hæðum.



40-41

## LÍFSSTÍLL

29 Stjörnuþá fyrir júní.  
30–31 Jakob Frimann Magnússon og kærastan Birna Rún.  
32–33 Footloose: Saga um frelsi. Hvað segja aðalleikararnir?  
34–35 Linda Benediktsdóttir: Vinnur á sambýli samhliða módelstörfunum.  
36–37 Bjargráð Berglindar.  
38 Taktu prófið.  
40–41 Nanna Ósk: Setti upp danssýningu.  
42–43 Fataskápurinn: Ungfrú Suðurland opnar fataskápinn.  
44–45 Skoðun Önnu Kristine.

## ALVÖRU FÓLK

47 Eden í Hveragerði: Apinn ekki á förum.  
48–49 Natasha Monay Royal: Hættir ekki fyrr en fæturnir gefa sig.  
50–51 Baldur Sigurðsson: Púsundþjalasmiður í gluggaþvotti.  
52–55 Heimasæturnar á Árbæjarsafni.  
56–57 Marín Ásmundsdóttir: Selur vöru frá Indlandi og Nepal.  
58–59 Bransasagan: Gunnar Hansson.  
60–61 Sirrý segir: Hamingjan heimsótti mig.  
62 10 hlutir sem þú vissir ekki um Hörpu Melsteð.  
64 Spurðu vin þinn.  
65 Skopmyndin.  
66 Krossgáta vikunnar.  
68 Hér & nú-stúlkan.



20



10-11



52-55

...smjatt, smjatt & kjamms!

...seðjandi tilboð til 12./6.

•••••  
• 16" pizza  
• með 2 áleggstegundum  
• og brauðstangir að auki á **1.290.**  
• ef þú sækir

bættu við 50 krónum  
og þú færð 2 lítra kók með!

5 68 68 68



Nýr opnunartími:  
11:00 - 23:30 alla daga

Mjódd

Dalbraut 1

Hjarðarhaga 45

nýtt  
útlit

Aníta Briem á hvíta tjaldið

# HÖRKUDUGLEG MEÐ 15 MANNS Í VINNU

**J**á, heldur betur," svarar Erna Þórarinsdóttir, móðir Anítu Briem, og bætir við: „Ég er alveg að springa. Þetta voru alveg yndislegar fréttir. Aníta hringdi í mig fyrr í vikunni og sagði mér fréttirnar. Aníta er aðeins búin að vera í LA í fjóra mánuði og er að standa sig vel. Hún er dugleg og alein þarna en er núna með 11 til 15 manns að vinna fyrir sig.

## Í góðum málum í LA

„Aníta er í afskaplega góðum málum. Hún var að flytja frá London til LA og er nýbúin

að taka ameríska bílprófið sitt," segir Erna og heldur áfram, ánægð með stelpuna sína:

„Hún er afskaplega samsvískusöm og gerir allt vel. Hvað sem hún tekur sér fyrir hendur og í hverju sem er. Henni líður afskaplega vel. Annars hef ég ekki komið út til hennar þannig að ég veit ekki hvernig það er þarna.

En hún Aníta er hörkudugleg stelpa. Hún er hörkunagli," segir hún stolt og það leynir sér ekki aðdáunin í rödd Ernu sem hefur nýlengi við að gera upp Hótel Reyhliði við Mývatn.

„Hún er hörkunagli," segir Erna móðir Anítu í viðtali við Hér & nú.



Falleg og hæfileikarík fjölskylda Aníta með pabba sínum Gulla Briem tónlistarmanni og yngri systur sinni.



**Stolt mamma** Erna Þórarinsdóttir, móðir Anítu Briem leikkonu, sem er um það bil að upplifa ameríska drauminn, segir að hún sé í skjönunum yfir nýja hlutverkinu.





**Aðalhlutverk í Hollywood-mynd**  
Aníta Briem hefur fengið annað tveggja aðalhlutverka í nýrri ævintýra-mynd sem framleidd er í Hollywood og frumsýnd verður sumarið 2007. Mótleikari Anítu er Brendan Frasier sem er aldeilis ekki af verri endanum.

# Fréttaparið Róbert Marshall og Brynhildur Kristín Ólafsdóttir eignaðist son á hvítasunnudag.

**Fjölmíðlahjón** Róbert og Brynhildur eru flott hjón og það fer Brynhildi sérstaklega vel að bera barn undir belt.



## ÞAÐ VAR STRÁKUR!

**F**réttahjónin Róbert Marshall og Brynhildur Kristín Ólafsdóttir hafa eignast fallegan og heilbrigðan dreng.

Hann kom í heiminn á hvítasunnudag, þann 4. júní.

Móður og barni heilsast vel og við hjá Hér & nú óskum

þeim hjartanlega til hamingju með kraftaverkið.

Brynhildur og Róbert eiga fyrir eina dóttur saman, Láru,

sem fæddist á jóladag árið 2003. Þau velja góða daga fyrir fæðingu afkvæma sinna.



# Fluttir á Háteigsveg 1

(gamla Austurbæjarapótek)



**OPNUNARTILBOÐ  
MIKILL AFSLÁTTUR**



[www.aman.is](http://www.aman.is)

S. 533 1020

**VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS**

# FRÆGIR FLYKKJA

**Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm hafa fjárfest í 200 fermetra íbúð á Melhaganum sem þau fá afhenta í haust. Í sama húsi hefur þingmaðurinn Sigurður Kári Kristjánsson keypt íbúð með unnustu sinni Birnu Bragadóttur.**



**Sigurður Kári og Birna Bragadóttir** Þaríð hefur nýverið fjárfest í efri hæðinni og risinu í þessu reisulega húsi við Melhaga þar sem Logi og Svanhildur eiga hæðina fyrir neðan og kjallarann.

**Hamingjusöm hjón** Svanhildur og Logi eiga brúðkaupsafmæli 16. júní þegar eitt ár verður liðið frá því að þau voru gefin saman í Dómkirkjunni við fjölmenna athöfn.



# FAST Á MELHAGA



**Gísli Marteinn vinur Loga og Sigurðar Kára**  
Gísli býr ásamt fjölskyldu sinni í næsta húsi við félagi sína en þar býr Ólafur Teitur, félagi Gísla og Sigurðar Kára úr Versló.



**Brynhildur og Róbert Marshall**  
Fréttahjónin hafa nýlega fjárfest í afar glæsilegri hæð á Melhaga 1 en þar býr líka Skarphéðinn Berg Steinarsson framkvæmdastjóri hjá Baugi Group.

Fjölmíðlastjörnur flykkjast nú í fasteignakaup á Melhaganum sem aldrei fyrr. Hjónin Svanhildur Hólm og Logi Bergmann Eiðsson hafa fjárfest í hæð á Melhaga 16 í vesturbæ Reykjavíkur. Svanhildur og Logi fá nýju íbúðina afhenta í haust en hún er mun rúmbetri en sú gamla. Hæðin er um 162 fermetrar auk 34 fermetra bílskúrs. Íbúðin er stór og góð sem kemur sér eflaust vel þar sem þau eiga von á sínu fyrsta barni saman á næstu vikum. Þingmaðurinn Sigurður Kári

Kristjánsson er góður kunningi þeirra Loga og Svanhildar og hefur meðal annars verið vikulegur gestur hjá Svanhildi í Íslandi í dag. Sigurður Kári hefur fjárfest í íbúð í sama húsi ásamt feegurðardrottningunni Birnu Bragadóttur, kærustu sinni.

Sigurður Kári og Birna fá hæðina sína líka afhenta í haust. Sigurði Kára og Loga ætti ekki að leiðast á Melhaganum þar sem besti vinur þeirra, Gísli Marteinn Baldursson, býr í næsta húsi ásamt Völu eiginkonu sinni og dætr-

um. Nágranni Gísla Marteins á Melhaga 14 er Ólafur Teitur Guðnason blaðamaður og æskufélagi Sigurðar Kára og Gísla Marteins úr Versló.

Aðeins neðar í götunni, í glæsilegu húsi að Melhaga 1, fjárfesti fréttaparið Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir í tæplega 200 fermetra hæð fyrir skömmu. Fyrir hana greiddu þau tæplega 50 milljónir. Í því húsi býr líka Skarphéðinn Berg Steinarsson framkvæmdastjóri hjá Baugi Group. Róbert og Brynhildur eru ný-

flutt inn en þau eignuðust son á sunnudaginn. Líklegt er því að þær Brynhildur og Svanhildur eigi eftir að sjást saman á röltinu með barnavagnana í haust á Melhaganum og jafnvel í ungbarnasundi í Vesturbæjarlauginni.

Melhaginn hefur lengi verið með flottustu götunum í bænum. Þar eru mörg glæsilega byggð húsnæði frá miðjum áratugi síðustu aldar. Stutt er í Vesturbæjarlauginni og Melabúðina þar sem stjórnurnar í Vesturbænum gera matarinnkaupin.

# STJÖRNUHÚS TIL SÖLU

Fréttahjónin af NFS þau Logi Bergmann Eiðsson og Svanhildur Hólm hafa sett glæsilega íbúð sína í gamla Vesturbænum í sölu. Íbúðin sem er nýuppgerð og afar smekkleg kostar 39,9 milljónir.



Íbúð þeirra Loga og Svanhildur er 140 fermetrar og nýuppgerð, falleg og smekkleg í alla staði.

Þarna hafa Logi og Svanhildur búið frá því í nóvember árið 2004. Þau hafa nú stækkað við sig og

munu flytja af Ránargötunni yfir á Melhaga í haust. Hjónin eiga von á sínu fyrsta barni saman í sumar

og mun nýja húsnæðið því kærkomið. Íbúðin á Ránargötu var fallega uppgerð fyrir nokkrum árum.







**Íbúð Loga og Svanhildar** Íbúðin á Ránargötunni er falleg og öll í toppstandi af myndunum að dæma.

Í henni eru 6 herbergi en íbúðin er 127,9 fermetrar auk þess sem henni fylgir 30 fermetra rými í

kjallara. Fyrir aftan húsið er fallegur lítill garður sem er nýstandsettur eins og íbúðin. Útgengt er í

garðinn beint úr íbúðinni af nýjum steyptum tröppum. Þetta er glæsileg íbúð með sterkan karakter í

gamla Vesturbænum. Eign er til sölu hjá Eignamiðlun ehf.



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Páll Baldvín Baldvínsson ábrn.

Ritstjórn Berglind Halla Eilífudóttir, berglind@hognu.is, Elly Ármannsdóttir elly@hognu, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is,

Hér & nú Skaftahló 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.

Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.

Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar:

auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar.

Prentvinnsla Isafoldarprentsmiðja. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

## Dýrslegur kraftur í Hér & nú

Átti gott spjall við Ernu Þórarinsdóttur, móður Anítu Briem sem er nú á barni heimsfræððar í Hollywood. Þessi ljúfa móðir leikkonunnar ungu er áberandi blíð og ljúf kona sem lýsir dóttur sinni, sem stödd er á eigin vegum og án fjölskyldunnar í útlöndum, sem afburða kröftugri, sjálfstæðri og hæfileikaríki. Sem hún á ekki langt að sækja: Erna hefur um margra ára skeið verið starfandi sem söngkona hér á landi, á marga kóra í bakröddum okkar vinsælustu laga. Hún hefur markað sér nýjan feril en þó ekki yfirgefið sinn gamla. En er samt mamma stelpnanna sinna.

En það sem vakti athygli mína var að hún sagði Anítu algjöran hörkunagla og þar kemur íslenska viðhorfið og ósigrandi seiglan að góðum notum. Aníta braust til náms í Bretlandi í rándýrum skóla og lauk þaðan námi með láði. Hún hikaði ekki við að reyna fyrir sér á erlendri grund og hefur nú náð þeim áfanga að flytja sig af þröngum markaði Bretlandseyja til Hollywood þar sem margir berjast um hvert hlutverk. Þessi hugaða unga kona lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna. Dýrslegur kraftur Anítu skín úr augum hennar sem segir að hún kemst þangað sem hún einsetur sér.

Höfum gaman af þessu en gleymum ekki hvert við ætlum okkur frekar en Aníta. Leyfum dýrslegum kraftinum að koma fram í dagsljósið hér og nú.

Elly Ármanns



## BRIGHT NIGHTS



Um helgina, 9.–11. júní, verður heljarinnar tónlistarhátíð í Árnesi. Hátíðin ber heitið Bright Nights og þar mun raftónlistarfolk sameina krafta sína. Það má búast við heilmikilli stemningu þar sem 41 tónleikar verða haldnir á 37 klukkutímum enda dagskráin ekki af verri endanum og má þar helst nefna Apparat & Ellen Allien frá Þýskalandi og Sebastian Tellier frá Frakklandi. Frá Íslandi koma meðal annars fram

Hermigervill, Sometime, Frank Murder, Mr. Silla & Mongoose. Einnig munu þeir Biggi veira og Maggi legó úr GusGus spila gamalt T-world efni sem ekki hefur heyrst í langan tíma.

Tilraunaeldhús sér um alla vídeólist og uppákomur um helgina. Það verður ýmislegt fleira í boði eins og nudd og hugleiðsla og einnig verður markaður á staðnum svo hægt verður að gera góð kaup.



# KORMÁKUR OG SKJÖLDUR FÆRA ÚT KVÍARNAR



Þeir félagar Kormákur og Skjöldur keyptu á dögnum upp lager úr herrafataversluninni Bertie Wooster sem staðsett var í London. Búðin seldi bæði notuð og gömul ónotuð föt, m.a. tweed-fatnað, alls kyns hatta, bindi, skyrtur og kjólföt. „Við fréttum af því að búðin væri

til sölu og þá fóru hjólin að snúast,“ segir Kormákur. Þeir eru svo að setja á lagginnar búningaleigu í samstarfi við stílistana Dyrleifu og Möggu sem voru með verslunina Dýrið. Þetta verður opið fyrir alla sem vantar búninga.“ Búningaleigan verður til húsa á Laugaveginum.

## HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU



Tónlistarhátíð sumarsins, Reykjavík Tropik, fór fram um síðustu helgi við HÍ og var eins og menn muna svo færð yfir á Nasa. Nokkrar af efnilegustu hljómsveitum landsins komu fram á Reykjavík Tropik, auk sérvaldra erlendra gesta með Supergrass í broddi fylkingar. Þar mátti



sjá kunnug andlit sem skemmtu sér konunglega, eins og **Daniel Ágúst, Védísi Hervöru Árnadóttur** og parið **Barða og Agnezi S. Stefán Jónsson** leikstjóri var líka á svæðinu. Svo sást líka **Krummi** í Mínus, flottur að vanda.

Árleg Humarsumar-gleði sem haldin er á Kaffibarnum var ekkert slor að sögn gesta. Hjálmar héldu uppi stuðinu og þeir **Árni** og **Jón Atli** úr Hairdoktor sáust skemmta sér konunglega. **Baltasar Kormákur** mætti þegar seint var liðið á kvöldið. **Gísli galdur** var mættur á staðinn ásamt kjarnanum eins og hann leggur sig í tónlistarheimi 101.



**HRINGDU INN FRÉTT OG FÁÐU PENING**  
**550 50 70** **15.000 krónur**

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvarinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

**FRÉTTASKOT hér &**



# KATE ER ENN Í VANDRÆÐUM

**K**ate Moss hefur enn ekki bitið úr nálinni með frægðina. Hún á í stöðugu stríði við ljósmyndara og hefur gengið í skrokk á þeim þegar þeir eru of aðgangsharðir að mati sýningarstúlkunnar mjóslegnu. Pressan hlífir henni ekki heldur: brandarar ganga á vefsíðum um framferði hennar. Nýlega var hún í þriggja tíma tókum fyrir Agent Provocateur og töldu nærstaddir hana reykja tvo pakka af sigarettum meðan á tókunum stóð.

Þá var hún nýlega í tókum í yfirgefnum verksmiðjuhúsi og þurfti að komast á klósettið. Menn sögðu þá afsakandi við hana að því miður væri engin hurð á salerninu. „Hvernig kemst ég þá fókking inn á klóíð?“ sagði skvísan.





**Leikhópur Sítji**  
**Guðs englar** Hópur-  
inn kíkti á Byggðasafn  
Haðnarfjarðar.

**Leikhópurinn skelti sér í göngutúr um sögu svið bókarinnar**



**Ragnheiður Steindórs-  
dóttir og Örn Arnason.**



**Pórunn Clausen**  
*Leikur í Sítji Guðs englar.*



**Leikstjórnin**

Siggi leikstýrir og er greinilega uppfullur af fróðleik.



**P**jóðleikhúsið frumsýnir í september fjölskyldusýninguna Sitji Guðs englar eftir samnefndri bók Guðrúnar Helgadóttur undir leikstjórn Sigga Sigurjóns. Æfingar eru hafnar á stykkinu og hittist hópurinn í vikunni og fékk sér göngutúr í Hafnarfirði og kynnti sér sögusviðið. „Það er nú þannig að Guðrún er alin upp í Hafnarfirði. Þetta gerist þar að auki á stríðsárunum og það vill þannig til að það er sýning í Byggðarsafninu um hernám Breta á Íslandi þannig að við ákváðum að kíkja þarna við,“ segir Siggi. „Ég er líka Hafnfirðingur í húð og hár svo mér fannst tilvalið að bjóða leikhópnum í mína heimabyggð og sýna þeim fallegan bæ,“ heldur hann áfram. „Það eru afskaplega spennandi tímar framundan og mikil stemning fyrir þessu. Þetta verður ekki beint barnasýning heldur meira sýning fyrir börn á öllum aldri. Það er fullskipuð skúta hjá okkur og þetta verður mikið húllumhæ,“ segir Siggi að lokum, hress að vanda.

**Málin rædd** Leikhópurinn hafði gaman af sýningunni á Byggðarsafninu.



**Er hann alvöru?**



**Stutt í húmorinn** Örn Árna bregður á leik, en hann er aðstoðarleikstjóri.

Ólafur Helgi Ólafsson nýstúdent, hönnunar-  
nemi og dragdrottningin Starína

HVAÐ  
ER AÐ  
FRETTA?

# DRAUMURINN AÐ HANNA Á POPPSTJÖRNUR

Ciao  
bella!

„Starína er í hvíld á Íslandi,  
enda hefur hún haft mikið að  
gera á síðustu árum!“



Á þessu augnabliki er ég í Leifsstöð og er að kveðja mömmu mína,“ sagði Ólafur Helgi Ólafsson, vel þekktur sem dragdrottningin Starína, þegar Hér & nú hringdi í farsíman hans.

Hvert ertu að fara?

„Ég tók ákvörðun um páska-ana um að fara í nám í tísku- og textílhönnun og er nú á leið til Milanó með viðkomu í London. Ég útskrifaðist sem stúdent af listabraut FB í lok maí og hafði þá tekið ákvörðun um hvað ég vildi læra frekar. Ég valdi skólann NABA í miðborg Milanó, sótti um og komst inn. Ástæða þess að ég fer svona snemma út er sú að ég kann enga ítölsku og byrja því á að fara í þriggja mánaða tungumálanám. Það veltur svo á velgenginni þar hvort ég kemst inn í haust, því inntökuþröfið í skólann fer þá

eingöngu eftir kunnáttu minni í tungumálinu.“

Hefurðu mikið fengist við að hanna og sauma?

„Síðustu árin, já. Ég hannaði til dæmis alltaf sjálfur búningana sem ég notaði í dragkeppnum. Fékk reyndar smá hjálp af og til, en hugmyndirnar, útfærslan og vinnan var nánast eingöngu í mínum höndum. Það eru sex ár síðan ég prófaði að hanna í fyrsta skipti – og þar með varð ekki aftur snúið.“

Hefurðu komið til Ítalíu áður? „Nei, aldrei nokkurn tímal“ segir hann hlæjandi. „Ég veit bara að Milanó er aðalborgin hvað tísku varðar. Þaðan kemur tískan sem flæðir um heiminn og í gegnum mig! Milanó er geðveik hönnunarborg.“

Ög ertu ekkert kvíðinn að fara einn til stórborgar? „Nei, nei, ekkert kvíðinn. Ég er að-

allega bara spenntur og get ekki beðið eftir að anda að mér tiskustraumum borgarinnar. Ég held að þetta verði rosalega góð upplifun. Ef allt gengur að óskum verð ég í Milanó í þrjú ár við nám og svo sjáum við hvað setur.“

Hver er draumurinn? „Draumurinn er að hanna fyrir poppstjörnur og svo heillar hátískan að sjálfsögðu,“ svarar hann.

Fyrir aftan hann heyrir ég í mömmu hans: „Fæ ég ekkert að kveðja þig?!“ spyr hún.

Saknar hún þín? „Mamma, Hér & nú er að spyrja hvort þú munir sakna mín.“

„Já, mig langar mest að gráta,“ er svar mömmunnar, Valgerðar Friðbjófsdóttur.

Ertu einkabarn? „Nei, við erum fjórir bræðurnir, en ég er sá síðasti sem fer að heiman.

Nú er síðasti fuglinn floginn úr hreiðrinu hennar,“ segir hann.

Skilaðu til hennar frá mér að fá sér kisu!

„Mér finnst hún eigi frekar að fá sér góðan mann!“ segir Ólafur Helgi skellihlæjandi.


En áður en ég sleppi þér um borð í vélna: Er dragdrottningin Starína horfin fyrir fullt og allt?

„Hún Starína er í hvíld á Íslandi, enda hefur hún haft mikið að gera á síðustu árum!“ svarar verðandi hönnunarneminn skellihlæjandi. „Hins vegar ætla hún að flytja til Milanó á næsta ári þar sem hún ætla að verða frægari en hún er á Íslandi!“

Byrjaðu að æfa þig: Kveddu mig á ítölsku!

„Ciao bella!“ segir Ólafur Helgi og er þar með floginn, ekki bara úr hreiðrinu heldur upp í háloftin.





**Ólafur Helgi Ólafsson**  
Útskrifaðist af listabraut  
FB í maí og er kominn til  
náms í Mílanó.



# ÁSI HÆTTUR MEÐ SILVÍU NÓTT

LÍFSSTÍLL

Nóg að gera Það er í nægu að snúast hjá Ása enda fengu búningar Silvíu athygli um allan heim.

Flippaður Ási sá um búningana fyrir Silvíu Nótt.

Jú, það er rétt að ég er hættur að vinna fyrir Silvíu Nótt," segir Ásgrímur Már Friðriksson, yfirstilisti Silvíu Nætur. Ási, eins og hann er kallaður, segir ekkert til í sögu-sögnum um að einhver leiðindi hafi komið upp á milli hans og stjörnnunnar.

„Það var bara samið um þessa Eurovision-vinnu og nú er henni lokið," segir Ási sem hefur meira en nóg að gera. „Ég er að undirbúa vinnu í möppunni minni og ætli ég skelli mér svo ekki út þegar það er búíð," segir Ási sem hefur enn ekki ákveðið hvar hann ætlar að freista

gæfunnar en líklegt er að hann fari til Parísar, London, New York eða jafnvel Tókýó.

Ási segist hafa nóg af verkefnum enda hafi búningar Silvíu vakið athygli um alla Evrópu. „Ég er að vinna í minni eigin fatalínu og hanna búninga fyrir hljómsveit," segir hann en vill ekki gefa upp fyrir hvaða hljómsveit. Hann segir Eurovision-verkefnið hafa verið erfitt enda Silvíu Nótt kröfuhörð. „Þetta tók mjög á. Ég held að ég myndi ekki gera þetta aftur. Það var samt fyndið að taka þátt í Eurovision undir þessum kringumstæðum," segir Ási ánægður.



# Endalaus orka!

Yfir 200 bráðhollir ávaxta- og grænmetissafar

sem bæta,  
grenna  
og kæta



Loksins má finna í einni bók ljúffenga drykki þar sem hver og einn hefur sín sérstöku áhrif.

- fyrirbyggjandi og stuðla að bættri heilsu
- eiturefna- og vatnslosandi
- kjörnir fyrir smáfólkið
- frábær viðbót í veisluna

Endalaus orka er bók um holla lifnaðarhætti,  
fagurfræði og lífsgleði.



Ármúla 20 • s. 552 1122  
[www.salkaforlag.is](http://www.salkaforlag.is)

# BRITNEY SÆKIR UM



**Óþokkinn** Aðdáendur Britney eru allt annað en sáttir við kappann.

## Poppprinsessan Britney Spears er sögð hafa sótt um skilnað frá ógæfupésanum Kevin Federline

**T**ímaritið News of the World greindi nýlega frá því að söngkonan Britney Spears hefði sótt um skilnað frá eiginmanni sínum til tveggja ára, Kevin Federline. Lengi vel hafa verið í gangi vangaveltur um í raun hvenær frekar en hvort parið myndi skilja og virðist það vera að ganga eftir núna.

Undanfarna mánuði hafa þau fjarlægst og sjást varla saman lengur á opinberum vettvangi. Á meðan Britney gerir sitt besta sem móðir, með misjöfnum árangri, hefur iðulega sést til Kevins einhvers staðar með félögum sínum að spandera peningnum hennar og láta illa.

Það sem ýtir einna helst undir að þau séu að fjarlægjast er karlmaðurinn sem Britney sést reglu-

lega með og er kallaður Manny. Enginn veit fyrir víst hvað maðurinn heitir en hann hefur einnig hlotið nafnbótina Perry og Bobby á síðum blaðanna. Sagan segir að hann sé að hjálpa Britney með að snúa til baka í tónlistarheiminn, en þau hafa ekki gert mikið annað en að sitja á kaffihúsum og eyða tíma með Sean Preston, syni hennar og Kevins. Manny er ekki eini félagi hennar Britney því nýlega sást hún einnig með óþekktum manni þegar hún var að reynsluaka nýrri Porsche Speeder-bifreið sinni.

Það auðveldar heldur ekki aðstæður þessarar fyrrverandi óskadóttir heimsins að hún gengur nú með annað barn sitt og Kevins undir belt.



**Pant eiga eitt stykki Manny**  
Hann kaupir meira að segja inn fyrir Britney.



**Þótti eitt sinn ein sú fallegasta**  
En hefur heldur betur misst glansinn eftir að hafa kynnst Kevin.



# SKILNAÐ



**Britney og óþekkti vinurinn**  
Saman að reynsluaka nýju Porsche Speedster-bifreiðinni hennar.

Á meðan allt lék í lyndi En hamingjan entist ekki lengi.



**Misskilin!**

**Greyið Britney er að ganga í gegnum erfiða tíma** Hefur verið mikið gagnrýnd af fjölmiðlum sem móðir og eiginkona.



**Britney og Manny?**  
Hinn óþekkti félagi fylgir söngkonunni hvert fótmál.



erlent slúður

# SAWYER SÁ HEITASTI



Vondur en samt smá góður Stelpunum finnst hann rosafinn.

**Þ**á eru fáir karlmenn heitari um þessar mundir en Josh Holloway. Kappinn leikur hinn bitra og siðblinda James „Sawyer“ Ford í spennuþáttunum Lost. Þótt hann virðist að jafnaði illmenni þá býr eitthvað gott í Sawyer og það virðist gera gæfumuninn því karlar sem konur slefa yfir honum um allan heim. Holloway var fyrirseta þegar hann var yngri en snéri sér svo að leiklist. Hann var í strögglinu í átta ár, þangað til hann varð súperstjarna í þáttunum Lost. Já, því miður stelpur, hann er giftur.



**Josh Holloway** Fáránlega heitur sem James „Sawyer“ Ford í Lost.



**Kann þetta, strákurinn** Var fyrirseta á yngri árum.

**Er giftur** Sú heppna heitir Yessica Kumula.

## ADAM BRODY ÚR O.C.

## ROKKAR

**H**jartaknúsarinn Adam Brody er þekktastur fyrir að leika Seth Cohen í þáttunum The O.C. Hann er nú ekki við eina fjölinna felldur því hann spilar einnig á trommur í hljómsveitinni Big Japan. Þar spilar Adam ásamt þremur félögum sínum nokkurs konar kántrískotið indirokk. Þeir félagar eru um þessar mundir að túra um vesturströnd Bandaríkjanna. Hægt er að fá nánari upplýsingar um þá á [myspace.com/bigjapan](http://myspace.com/bigjapan).



**Sjáði strákinn!** Fun heitur trimbill með hljómsveitinni Big Japan



**Big Japan** Adam og félagar eru með síðuna [www.myspace.com/bigjapan](http://www.myspace.com/bigjapan)



# LINDSAY LOHAN LÆTUR DÁLEIÐA SIG VIÐ INNKAUPAFÍKN

Nýlega var greint frá því að unga þokka-  
gyðjan og leikkonan Lindsay Lohan  
hefði á síðasta ári eytt sem nemur  
litlum 72 milljónum króna í föt og fylgihluti.  
Henni hefur tekist að eyða allt að 7 milljón-  
um á einum degi í fatnað og þar af 1,5 á að-  
eins 20 mínútum. Er það hægt? Það er alveg  
á hreinu að Lindsay gengur ekki í hverju sem  
er og það er ljóst að það er ekki ókeypis að  
ganga um í 600.000 króna Prada-skóm með  
150.000 króna Balenciaga-töskur.

Lindsay er sögð hafa leitað til dáleiðslu-  
meistara til þess að hverfa frá þessari  
eyðslufíkn sinni. Talsmenn dómunnar segja  
þó ekkert til í þeim sögusögnum og segja  
hana í finu lagi. Maður spyr sig hvaða 19 ára  
stelpa með ótakmarkaða úttektarheimild  
myndi ekki leika sama leik með visakortið?



Lindsay Lohan  
Notar visakortið  
hægri, vinstri.



„Ég ætla fá allt í búð-  
inni“ Lindsay eyddi lítilli  
milljón dollara í föt í fyrra.

Eiðslukló Þó svo að hún  
sé ung gefur hún ekkert  
eftir og hefur til dæmis tek-  
ist að eyða 1,5 milljónum  
króna í föt á 20 mínútum.



## SÆTARI SIMPSON SYSTIRIN

Ashlee Simpson hefur verið mikið í  
slúðurblöðunum undanfarnar vikur  
þar sem mikið hefur verið rætt um  
meintar lýtaaðgerðir á nefi og vörum henn-  
ar. En hvað sem því líður virðist stelpan  
alltaf verða sætari og sætari með hverjum  
deginum sem líður. Margir vilja meina að  
hún sé orðin sætari en Jessica systir henn-  
ar sem hef lengi verið ein sú heitasta.

Ashlee Simpson Verður  
bara sætari og sætari.



Brot úr nýju myndbandi Við lagið  
hennar Invisible.



Million Dollar Baby Er fyrirmynd  
myndbandsins.



Slegin í rot Ashlee segir danskunnáttu  
sína hafa hjálpað sér í boxinu.



**Brooke Hogan**  
– 18 ára Er öllu  
fíngerðari en pabbi  
hennar Hulk.



**Kate Hudson**  
– 27 ára Það er  
eillfóar hressleiki  
yfir Kate sem er  
alltaf brosandí.

Á laugardaginn var hin árlega MTV-kvikmyndahátíð haldin með pomp og prakt. Eins og fyrri ár létu heitustu þokkagýðjurnar sig ekki vanta. Hátíðin sækir í sig veðrið ár frá ári og þykir oft léttara yfir og líflegra en á öðrum hátíðum af svipuðum toga. Áhorfendur MTV kjósa sigurvegara hátíðarinnar og eru það því oft aðrar myndir en gengur og gerist á öðrum kvikmyndahátíðum sem gera vel. Þótt hátíðin hafi farið fram síðastliðinn laugardag verður hún ekki sýnd í sjónvarpi fyrr en í dag.

# ÞOKKAGYÐJUR Á MTV-



**Famke Janssen**  
– 40 ára Hefur  
gert allt vitlaust í X-  
men 3 undanfarið.



**Jessica Simpson**  
– 25 ára Mun leika  
aðalhlutverkjó í myndinni  
Employee of the Month.







**Flottar!**



**Jessica Alba**  
– 25 ára Var kynnr á hátíðinni og þótti standa sig eins og hetja.

**Rosario Dawson – 27 ára** Var heit í *Sin City* sem er ein af vinsælli myndunum á hátíðinni.

# KVIKMYNDAHÁTÍÐINNI



**Eva Mendes**  
– 32 ára Er ein sú fallegasta í bransanum.



**Christina Aguilera**  
– 25 ára Nýja platan hennar *Back to Basics* kemur út í ágúst.



**Rihanna – 18 ára** Er heitasta ungstímið í dag og á toppi vinsældalista um allan heim.

SKEMMTILEGRA  
LOTTÓ  
STÆRRI  
POTTAR  
**HÆRRI**  
**VINNINGAR**  
MEIRI  
PENINGAR

Nú eru vinningarnir hærri, pottarnir stærri og meira af peningum sem þú getur átt von á. Lottóið hefur aldrei verið skemmtilegra!





# STJÖRNUSPÁIN Í JÚNÍ

## AFMÆLISBÖRN VIKUNNAR




Selma Björnsdóttir,  
13.06.1974



Steingrímur Jóhannesson  
knattspyrnumaður, 14.06.1973



Helgi Hjörvar, 09.06.1967



Jón Kristjánsson félagsmála-  
ráðherra, 11.06.1942

**Vatnsberi (20. jan.–18. feb.)** — Leyfðu þér að taka utan um náungangann með réttu hugarfari. Júní færir þér ljúfar stundir. Annars er þér ráðlagt að taka þér tíma til umhugsunar áður en ákvörðun sem tengist starfi þínu eða námi verður endanlega tekin. Þú hefur frestað þessu lengi ef marka má vatnsberann á þessum árstíma.

**Fiskar (19. feb.–20. mars)** — Stjarna fiska sýnir þig sem frumkvöðul og það er án efa bráðnaðsynlegt fyrir þig að koma á framfæri því sem þú skynjar, veist og upplifir. Ekki hika við að hefjast handa og halda fast í jákvæðar þrjár þínar, kærri fiskur, og það á sérstaklega vel við í júní.

**Hrútur (21. mars–19. apríl)** — Þú birtist móti auðsærð/ur í júní (viðkvæm/ur) og skortir jafnvel sjálfstraustið sem er þér vissulega kært þegar mikið reynir á. Ekki íklæðast einhverri grímu gagnvart þeim sem þú elskar, eru einkunnarorð til hrútsins.

**Krabbi (22. júní–22. júlí)** — Hvatvísi krabbans sprettur af

innsæi hans og með leiftrandi hugljómun kemst hann að kjarna málsins þótt honum sé ómögulegt að lýsa því hvernig hann fór að því.

**Naut (20. apríl–20. maí)** — Hér kemur greinilega fram að þú ert flóttagjarn/-gjörn þessa dagana af einhverjum ástæðum. Það er jafnvel árstíminn sem veldur (júní). Leyfðu þér að fara eftir jákvæðum hugboðum þínum eingöngu og hlustaðu vel á líkama þinn og sál og þá sér í lagi um þessar mundir.

**Tvíburar (21. maí–21. júní)** — Þú ert fær um að sigra hið ósigranlega um ókomna tíð. Hamingja þín vex þessa dagana svo um munar á sama tíma og væntingar þínar verða uppfylltar. Á þessum árstíma hefur þú fulla stjórn á huga þínum og styður vitaskuld frelsi hugans og eigið skoðanafrelsi. Hugaðu vel að þessu kærri tvíburi í júní.

**Ljón (23. júlí–22. ágúst)** — Leyfðu þér að birtast náunganum eins og þú átt að þér að vera og

eyddu dýrmætum tíma þínum og orku í fólk sem virðir þig og það sem þú stendur fyrir. Orka þín sprettur af vilja þínum til afreka, hafðu það hugfast þegar þú finnur fyrir orkuleka eða þreytu í júní, kæra ljón.

**Meyja (23. ágúst–22. sept.)** — Þú gleymir engu smáatriði um þessar mundir (júní) í sambandi við heimilishaldið en ástæðan fyrir því gæti verið að þú kýst að betrubæta þig sjálfa/n og jafnvel aðstæður þínar.

**Vog (23. sept.–23. okt.)** — Þú ert fær um að finna svokallað jafnvægi millir sálar, líkama og huga því þú ert næm/ur mjög. Skapaðu þér umhverfi sem kallar fram hjá þér jákvæð viðhorf, stefnu hátt og lagfærðu áhuga-leysi í eigin fari varðandi mál sem þig langar eflaust að klára, ef marka má vogina í júní.

**Sporðdreki (24. okt.–21. nóv.)** — Finndu innra með þér jafnvægi því þá verður þú fær um að ná góðu sambandi við innsæi þitt sem eflir dómgreind þína og vilja

til að njóta. Sendu langanir þínar frá þér í júní fyrir alla muni ef þú ert fædd/ur undir stjórn sporðdrekans.

**Bogmaður (22. nóv.–21. des.)** — Leyfðu hverri stund tilveru þinnar að birtast þér sem ókannað spennandi ævintýri. Þú skalt ekki sitja hljóð/ur hjá heldur ganga óhrædd/ur inn í hið óþekkt. Ef þér þykir vanta öryggi í tilveru þína um þessar mundir mun ástandið breytast (lagast) fyrir lok júnímánaðar, kærri bogmaður. Þessi tilfinning á ekki vel við þig.

**Steingeit (22. des.–19. jan.)** — Fólk fætt undir stjórn steingeitar hefur mjög mikla þörf fyrir að stjórna og gerir það af mikilli kostgæfni á jafningjagrundvelli í júní. Starf þitt mun taka stakka-skiptum fyrir júlíbyrjun ef þú hefur tók á að gefa smávægilegum atriðum betri gaum en eflaust blundar í þér útþrá sem tengist reynslu þinni héra.



# ÚTSKRIFAST SAMEINUÐ OG





**Glatt á hjalla** Jónas R. Einarsson og Hallgrímur Thorsteinsson ásamt fleira góðu fólki.



**Fögur fljóð** Vinkonur Birnu Rúnar fögnuðu með henni á þessum stóra degi.



**Flottur** Andrés Pétur Rúnarsson fasteignasali á Eign.is var hress að vanda.



**Ræða málin** Ásgeir Friðgeirsson aðstoðarmaður Björgólfs Guðmundssonar í Landsbankanum og Árni Páll Arnason.



**Stuðmaður** Valgeir Guðjóns fyrrverandi meðlimur Stuðmanna mætti.

**Nýútskrifuð** Jakob Frímánn og Birna Rún eru glæsilegt par. Birna Rún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands en hefur starfað á markaðs-sviði KB banka undanfarin ár sem hún segir í senn krefjandi og gefandi starfsvettvang. Þau slógu upp veislu í tilefni áfangans.

Þessi tvö ár hafa verið strembin á köflum en fyrst og fremst skemmtileg,“ sagði Birna Rún Gísladóttir sem útskrifaðist ásamt unnusta sínum Jakobi Frímánni Magnússyni úr MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðinn laugardag. Margt var um manninn í veislunni sem þau slógu upp. Hér & nú var á staðnum. Myndirnar tala sínu máli.

### Ekki horft um öxl

„MBA-námið er tvímæla-laust vel til þess fallið að vikka sjóndeildarhringinn og styrkja mann í lífi og starfi. Ég er því full tilhlökkunar að takast á við ný

og krefjandi verkefni í náinni framtíð,“ segir Birna Rún sem fór í námið á eigin forsendum og hefur ekki horft um öxl síðan hún tók þá ákvörðun.

### Kvöldin undirlögð

„Ég var svo séð að taka makann með í námið sem reyndist farsælt enda helgarnar og kvöldin oft undirlögð viku eftir viku. Engu að síður er þetta virkilega dýrmætt og notadrjúgt að mínu mati og því myndi ég hvetja allar konur jafnt sem karla til að láta

til skarar skriða því námið gefur manni verulega mikið og er vel peninganna og fyrirhafnarinnar virði.“

# ÁSTFANGIN ÚR MBA-NÁMI



**Listadansarar** Porvaldur og Halla hafa æft stíft að undanförmu og eru alveg búin að ná tókum á erfiðu dansatriðunum.

**K**vikmyndin *Footloose* eftir Dean Pitchford var frumsýnd árið 1984 og sló samstundis í gegn. Með aðalhlutverkið fór Kevin Bacon sem lagði þar ungur að árum grunn að glæstum leiklistarferli. Í myndinni sýndi Kevin fádæma fótafimi og einstaka danstakta. Porvaldur Davíð fetar nú í fótspor Kevins og hefur lagt nótt við dag að læra dansatriðin undir stjórn Svians Roine Soderlundh og Guffu aðstoðardanshöfundar. Porvaldur Davíð, sem var að ljúka fyrsta ári í leiklistarskólanum, er þó enginn viðvaningur því hann hefur verið að syngja og leika síðan hann var krakki og hefur líka talað inn á

fjöldann allan af teiknimyndum. Má þar helst nefna *Simba* litla í *Lion King*. Þá hefur Porvaldur leikið hlutverk í *Öxinni* og jörðinni í Þjóðleikhúsinu og *Hárinu* í *Asturbæ*.

Halla Vilhjálmsdóttir leikur Ernu, dóttur prestsins, en hún útskrifaðist frá Guildford School of Acting vorið 2004 og hefur lokið 5. stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík. Frá útskrift hefur hún unnið við söng, leik og dans í Bretlandi, meðal annars í söngleiknum *Grease* í óperuhúsinu í Jersey. Hún lék einnig í *Sölku Völku* í Borgarleikhúsinu og er í Hafinu bláa sem sýnt er í *Austurbæ*. Halla fór með hlutverk *Pollýjar* í *Túskildingsóper*

unni en það var fyrsta hlutverk hennar við Þjóðleikhúsið.

#### „Eru að tækla þetta“

„Þetta er ofboðslega skemmtileg saga,“ segir Porvaldur hressilega þegar blaðamaður tekur hús á aðalleikurunum í almenningi Borgarleikhússins. „Þetta er svona saga sem á vel við í dag. Ef maður horfir á myndina sér maður að tískan og tíðarandinn er ekkert ósvipað, lakkrisbindi og támjóir skór,“ segir Porvaldur en aðalleikarar söngleiksins voru ekki nema eins og tveggja ára þegar myndin sló í gegn.

„Já,“ segir Halla og hlær, „það er soldið fyndið að við höf-

um verið á þvælingi hér í húsinu í búningum og fólk tekur ekki einu sinni eftir því.“

Porvaldur hefur þratt fyrir leikferilinn ekki komið mikið nálægt dansi áður en Halla segir hann eðaldansara.

„Ég fór reyndar á Michael Jackson-námskeið í hvítum gallabuxum þegar ég var fimm ára,“ segir Porvaldur. „Svo tók ég líka þátt í *Thriller* sem var sett upp í *Versló* en það var meira svona frístæl.“

„Það runnu aðeins á hann tvær grímur þegar Roine sagði honum að hann yrði að henda mér í eitt nett heljarstökk, en hann hefur staðið sig eins og hetja og aldrei misst mig,“ segir



# SAGA UM FRELSI



## Halla Vilhjálmsdóttir leik- og söngkona

Halla leikur Evu, dóttur prestsins sem heldur smábæ í heljargreipum og harðbannar dans og tónlist.



**Porvaldur Davíð Kristjánsson** Porvaldur leikur Aron, drenginn sem kemur til smábæjarins og gerir uppreisn gegn ósanngjörnum boðum og bönnum.



**Það er bókstaflega allt að verða vitlaust í Borgarleikhúsinu þar sem standa yfir æfingar á söngleiknum Footloose, enda frumsýning ekki langt undan. Sýningin er stúffull af mögnuðum dansatriðum og lögum sem slógu í gegn á 9. áratugnum.**

Halla hlæjandi.

„Pú ert nú líka svo þrælgóð og þaulreynd,“ segir Porvaldur.

„Takk fyrir að segja þetta.“  
Halla horfir blíðlega á Porvald. „Pú ert sjálfur alveg að tækla þetta.“

## Barist gegn óréttlætinu

Porvaldi og Höllu ber saman um að verkið sé langt í frá innantóm danssýning því sagan flytji boðskap.

„Eins og Pétur Einarsson leiklistarskólakennarinn minn segir, þá er leikhúsið staður þar sem maður lærir að setja sig í spor annarra,“ segir Porvaldur. „Í þessari sýningu er mikið um tilfinningar og ólíka karaktera sem hafa frá svo mörgu að

segja. Áhorfendur verða ekki sviknir af sögunni sem er um strákinn Aron sem kemur í þorp þar sem er bannað að dansa. Öll parti eru stranglega bönnuð svo og tónlist. Krakkarnir í bænum mótmæla þessu og taka til sinna ráða undir stjórn Arons,“ segir Porvaldur.

„Það er alltaf gaman að sjá fólk takast á við óréttlætið,“ segir Halla og þau hugsa sig vandlega um þegar þau eru spurð hvort sagan hafi boðskap og þá hvern.

„Verður þetta ekki að vera voða flott lína?“ Jú.

„Það er nefnilega það,“ segir Halla. „Sennilega er boðskapurinn margvíslegur. Í stuttu máli er

hann trúlega sá að það er alltaf þess virði að rísa upp gegn óréttlætinu með heiðarleikann að vopni. Það þarf ekki að berjast óheiðarlega til að sigrast á ranglætinu.“

„Það má eiginlega segja að þetta sé saga um frelsi og um krakka sem fara í ferðalag til að bjarga heiminum því smábærinn þar sem þau búa er þeirra heimur,“ segir Porvaldur.

Þau skellihlæja.  
„Hvernig var þetta?“  
„Jú, þetta var flott.“

## Dúndurstuð á sviðinu allan tímann

Það er úrvalshópur listamanna sem kemur að sýning-

unni sem er leikstýrt af Unni Ösp Stefánsdóttur. Með önnur hlutverk fara Jóhann Sigurðarson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Jörundur Ragnarsson og Aðalbjörg Árnadóttir. Dansarar úr Íslenska dansflokknum taka þátt í sýningunni ásamt heimsmeisturunum í samkvæmisdönsum og fimm manna hljómsveit er á sviðinu allan tímann. Porvaldur Bjarni sér um útsetningar á tónlistinni.

Footloose er nú sýndur á West End í London en frumsýningin í Borgarleikhúsinu verður 29. júní. Það er jafnframt frumsýning söngleiksins á Norðurlöndunum. Miðasalan hefst í Borgarleikhúsinu 9. júní.

Linda Benediktsdóttir var valin ljósmyndafyrirsætan úr fríð-  
um hópi þátttakenda í Ungfrú Ísland. Hún ræðir við Hér & nú  
um strangar æfingar og víðurkennir að lykillinn að árangri  
sé að hugsa vel um líkamann.

# VINNUR Á SAMBÝLI SAMHLIÐA MÓDELSTÖR

**É**g reyni að vera sjálf-  
stæð, jákvæð og vera  
ég sjálf,“ svarar Linda  
sem hlaut titilinn ung-  
frú Next og ljósmyndafyrirsæt-  
an úr hópi keppenda í Ungfrú  
Ísland í ár.

## Af hverju fegurðarsamkeppni?

„Þetta byrjaði allt á því að  
það var hringt í mig og spurt  
hvort ég vildi koma í prufu fyrir  
Ungfrú Reykjavík. Ég ákvað að  
slá til og komst inn í keppnina.  
Það kom mér mest á óvart  
hvað þetta var skemmtilegt.  
Reyndar tók það mikið á að  
taka þátt í svona keppni.  
Þetta voru æfingar á hverj-  
um degi og ekki mikill tími  
fyrir vinina. En stelpurnar  
voru allar mjög yndislegar,  
bæði í Ungfrú Reykjavík og  
Ungfrú Ísland. En ég hafði  
mjög gaman af þessu og  
mun seint eða aldrei gleyma  
þessari reynslu.“

„Ég var í Menntaskólanum  
við Sund,“ segir Linda að-  
spurð um menntun og starf  
og heldur áfram: „Ég stefni nú  
á að læra fatahönnun. Í sumar  
verð ég að vinna í GS-skóm í  
Kringlunni og á sambýli með  
fötludum unglíngum. Annars  
er ég mjög heppin og þarf ekki  
að hugsa mikið um mataræðið.“

Borða samt það sem ég vil og  
drekkið mikið af vatni og hreyfi  
mig reglulega, síðan er bara að  
hugsa vel um sjálfan sig, maður  
fær bara einn líkama og maður  
verður að hugsa vel um hann.“

## Framhaldið?

„Í haust tek ég þátt í Miss  
model of the world. Það er  
mjög spennandi. Síðan fer ég í  
myndatöku fyrir Next. En fram-  
tíðin verður bara að leiða fram-  
haldið í ljós.“

**Hissa** „Það sem kom mér  
mest á óvart var þegar ég  
var valin ljósmyndafyrir-  
sæta Reykjavíkur. Það var  
eitthvað sem ég hafði aldrei  
ímyndað mér að yrði.“



**Falleg að innan og utan**  
Linda heima hjá sér.





# FUM

**Linda Benediktsdóttir**

*Ljósmyndafyrirsæta og  
Next-stúlkan í ár.*



Bjargróa  
Berglindar

**BRELLUR ÚR BRANSANUM**

# GREIDDU ÞÉR SJÁLF

Tóta á Hárhönnun gefur lesendum góð ráð um hvernig hægt er að setja upp hárið og fá fallega liði á einfaldan hátt.



Túberaðu allt hárið vel en skildu eftir hárið í hliðunum. Taktu svo bara hárið í hnakkanum og settu það í tagl. Búðu til pulsu sem liggur lárétt úr taglinu. Greiddu hárið í hliðunum aftur svo það sé slétt. Túberaðu vel ofan á kollinum þannig að toppurinn lyftist

vel frá kalli og andliti og leyfðu því að leggjast aftur. Spreyjaðu svo vel yfir. Gott er að nota olíudropa til að fá glans í hárið. Ég mæli með Pure boundance-hárlakki og Light Element-dropum frá Aveda.



Til að fá fallega liði í slétt hár er hægt að notast við sléttujárn. Byrjaðu á að spreya hárlakki yfir allt hárið og greiða svo í gegn. Taktu misstóra lokka og dragðu sléttujárið að þér frá rót og út í enda og snúðu járninu allan tíman í hring þannig að lokkurinn vefjist utanum

sléttujárnið. Hristu svo upp í hárinu og spreyaðu Brilliant shine yfir það.

Til að fá náttúrulegt yfirbragð á liðina skiptir máli að hafa lokkana misstóra og gera þetta svolítið óskipulega í hárið.

Förðun: Sólvieg Hannam



# BÚÐU TIL ÞITT EIGIÐ „BODYSCRUB“



Það er nauðsynlegt að hugsa vel um húðina. Notaðu „body-scrub“ að minnsta kosti einu sinni í viku til að hreinsa burt dauðar húðfrumur. Hérna er einföld uppskrift af skrúbbi sem þú getur búið til í eldhúsinu heima.

## Sugar scrub

1/2 bolli hunang  
1/4 bolli appelsínusafi  
2 matskeiðar sítrónusafi  
4 bollar sykur  
1/2 bolli ólívuolía  
1 matskeið Aloe (má sleppa)  
1 bollir hrásykur (má sleppa)  
1 matskeið af ilmolíu að eigin vali (má sleppa)

## Leiðbeiningar:

Blandaðu þessu í skál og hrærðu vel saman með sleif og þvoðu þér svo með skrúbbinu. Ekki er mælt með að nota skrúbbið á andlit.

# ENGIN UTANLANDSFERÐ?

Það hafa því miður ekki allir efni á að fara í utanlandsferð í sumar. Það er þó auðveldlega hægt að finna lausn á því og gera sér góðan dag eða daga hérna heima.

1. Farðu í upplýsingamiðstöð ferðamanna og fáðu upplýsingar um alla helstu staðina til að skoða.
2. Húkkaðu far á Þingvelli og spurðu Íslendinga í þaula um söguna og jarðfræðina þar.
3. Farðu í Perluna og sendu öllum vinum þínum póstkort þaðan.
4. Taktu strætó og skoðu borgina þannig. Spurðu vagnstjórann hvort hann taki dollara. Spurðu svo alla farþegana um það sem ber fyrir augu.
5. Farðu á finan veitingastað

og spurðu hvort þeir séu með „supersize“ máltíð.

6. Kíktu í Grasagarðinn og biðdu fólk að benda þér á hvar pálmatrén eru.

7. Biddu vegfarendur að benda þér á hvar lestarstöðin er og hvaða lest þú átt að taka til Kulusuk.

8. Röltu um bæinn með landakortið og skoðu það fram og til baka á hverju götuhorni.

9. Farðu í Bláa lónið og biðdu alla mögulega gesti um að taka

myndir af þér með kísil í framan.

10. Kíktu í nokkrar verslanir í Kringlunni og bentu á ýmsan fatnað og spurðu hvort þetta sé þjóðbúningurinn.



## HVERNIG HAFNAR ÞÚ DEITI

Allir hafa lent í viðreynslu frá einhverjum sem þeir hafa nákvæmlega engan áhuga á. Hérna eru nokkrar hugmyndir um hvernig þú getur komið því til skila að þú hafir ekki áhuga án þess að þurfa að segja það beint út.

1. Ég kemst ekki, ég þarf að sortera fataskápinn minn eftir litum.
2. Endilega, er þér ekki sama þó að mamma komi með?
3. Mér þykir það leiðt en ég er að flytja úr landi.
4. Ég get það ekki en ertu til í að leggja peninginn inn á mig í staðinn?
5. Því miður, hamsturinn minn dó og ég þarf að undirbúa jarðarför.
6. Þetta er mömmuhelgi og ég verð með öll 7 börnin, svo ég kemst ekki.
7. Já, það hljómar vel, en ég þarf að afþýða frystinn.
8. Ég er því miður að fara á deit þetta kvöld... og öll næstu kvöld.
9. Ég er upptekin, en má ég fá símanúmerið hjá bróður þínum?
10. Nei, veistu, hárliturinn þinn fer bara ekki vel við húðlitinn minn.

Annars er nú alltaf best að vera bara hreinskilinn og segja kurteislega að þú hafir ekki áhuga.



# HVERNIG FORELDRI ERTU?

1. Mér finnst barnið mitt líkjast mér fullkomlega. *sjaldan - stundum - oft*
2. Ef barnið mitt öskrar og lætur öllum illum látum gef ég oft eftir, sérstaklega undir álagi. *sjaldan - stundum - oft*
3. Ég fæ sektartilfinningu og samviskubít ef ég neita barni mínu um eitthvað. *sjaldan - stundum - oft*
4. Ég vorkenni barninu mínu. *sjaldan - stundum - oft*
5. Ég krefst hlýðni og legg áherslu á að barnið mitt hlusti á mig. *sjaldan - stundum - oft*
6. Það skiptir mig miklu hvað öðrum finnst um barnið mitt og hæfni mína sem foreldri. *sjaldan - stundum - oft*
7. Mér hættir til að vernda barnið mitt of mikið, ég á erfitt með að láta það vera. *sjaldan - stundum - oft*
8. Mér finnst að barnið mitt eigi að fá allt sem ég ekki fékk í æsku. *sjaldan - stundum - oft*
9. Ég vænti þess að fá að minnsta kosti smá þakklæti fyrir allt sem ég geri fyrir barnið mitt. *sjaldan - stundum - oft*
10. Ég elska að kaupa nýjustu leikföngin/leikina fyrir barnið mitt. *sjaldan - stundum - oft*

## Teldu saman hversu oft þú hefur svarað „sjaldan“.

**8–10:** Þú gefur barninu rými til að læra að taka ábyrgð og einnig að takast á við höfnun. Þú setur því mörk og verður þannig góð fyrirmynd fyrir barnið þitt. Barnið lærir að það er í lagi að segja nei. Barnið fær góða möguleika á að læra um orsakir og afleiðingar og þar með hvernig maður hefur sjálfur áhrif á líf sitt og allar aðstæður.

**5–8:** Reyndu að skapa aðstæður þar sem barnið þitt getur sjálft tekið ábyrgð á gerðum sínum, að sjálfsgöðu í samræmi við aldur þess og þroska. Til dæmis er þriggja ára barn ekki fært um að ákveða hvort það eigi að fara í buxur, en getur kannski vel ákveðið hvort það klæðist þeim grænu eða bláu. Sá 10 ára getur sjálfur tekið afstöðu til þess hvort hann fer í peysu þegar það er kalt úti. Taki hann ranga ákvörðun, er það hann sem tekur afleiðingunum. Aftur á móti er 10 ára barn ekki fært um að ákveða hvort eigi að nota ljós á hjólið eður ei.

**0–5:** Þú hefur alltof mikið fyrir því að vera gott foreldri. Þú tekur ábyrgðina af barninu þínu í stað þess að leyfa barninu sjálft að kljást við hlutina. Þar með kennir þú barninu þínu að það ráði ekki við nein verkefni sjálft, sem gerir barnið ósjálfstætt eða uppreisnargarnt. Þér hættir til að virða ekki mörk þess og sýna ekki virðingu í umhyggju þinni. Gefðu barninu þínu rými til að vera það sjálft og reka sig á. Mikilvægasta gjöfin em þú getur gefið barninu þínu er að það sé umborið og virt, sama hvaða tilfinningar það hefur.





# Nýjar perur

*Verið  
velkomin!*



Opnunartímar:

**Virkir dagar 9-23**

**Laugardagar 9-22**

**Sunnudagar 10-22**

**Sími: 571-7171**



Megasól er staðsett við Kirkjustétt 2-6 í Grafarholti

Natasha Monay Royal er einn helsti breikdanskennarinn á landinu

# HÆTTIR EKKI FYRR EN FÆTURNIR GEFA SIG

Ég er sú fyrsta sem kemur hingað til þess að kenna breik," segir danskennarinn Natasha Monay Royal en hún fluttist til landsins fyrir sjö árum frá New York-borg til þess að kenna breikdans. Natasha byrjaði sjálf að breika þegar hún var 10 ára og lærði af þeim bestu í New York, en borgin er yfirleitt talin vaggá breikmenningarinnar.

Uppáhaldsbreikdansari Natöshu og sá sem hún kallar sína helstu fyrirmynd er breikgoðsögnin Crazy legs, en hún kynntist kappanum á sínum yngri árum í New York. Sá hefur sjálfur búið til mjög mikið af danshreyfingum sem einkenna breikið í dag og er enn þann dag í dag að breika, þó svo að hann sé orðinn 45 ára. „Ég ætla gera eins og hann, kenna breik og dansa þar til ég get ekki hreyft á mér fæturna lengur," segir Natasha ákveðin.

## Krakkarnir vitlausir í þetta

„Það eru helst krakkar sem ég kenni í dag," segir Natasha og bætir því við að krakkarnir séu mjög fljótir að læra og ná hæfni í skrykkdansinum, eins og hann var kallaður hér á árum áður.

„Breikmenningin á Íslandi er líklega sú frumstæðasta í öllum heiminum. Hér var mikið breikað á árum áður en allir þessir dansarar sem voru iðnir þá hættu um leið og það fór úr tísku, þess vegna fékk breikið aldrei að þróast hérna," segir Natasha súr, en vongóð um

að geta komið málunum í samt horf.

Natasha fer árlega til Norðurlandanna ásamt danshópnunum að keppa í breiki og segir hún að hópurinn standi sig betur ár hvert.

## Ekkert endilega rapptengt

Breikdans hefur iðulega verið tengdur rappmenningunni en samkvæmt Natöshu er það hægt og rólega að breytast. „Fólk getur þess vegna dansað við rokktonlist svo lengi sem það fylgir rythmanum. Núna er líka mjög vinsælt að dansa við fönk af gamla skólanum og „old school hip-hop," segir Natasha.

Vinsældir breikdans hafa ekki haldist í hendur við vinsældir rapptónlistar á Íslandi. Á meðan rappið má muna sinn fifill fegurri hefur breikið aldrei verið vinsælla. „Það er erfitt að byggja svona upp frá grunni en núna finnur maður að það hefur stækkað töluvert."

## Dansar alla vikuna

Natasha kennir ekki aðeins breikdans heldur einnig hip-hop og er með tíma nánast á hverjum degi. Á döfinni hjá henni eru bæði danssýningar á laugardaginn kemur og svo á þjóðhátíðardaginn.

Allar frekari upplýsingar má finna á [natasha.is](http://natasha.is), en þar er hægt að sjá æfingartíma og aðrar almennar upplýsingar um þetta bráðskemmtilega dansform.





**Crazy!**



**Svala Jónsdóttir, ungfrú Suðurland árið 2005, leyfir lesendum Hér & nú að kíkja í fataskápinn.**

# PÍNU KJÓLAFRÍK

**F**ataskápur Svölu Jónsdóttur er forvitnilegur fyrir þær sakir að þar geymir hún kjólinn sem var saumaður á hana sérstaklega fyrir keppnina Ungfrú Suðurland í fyrra þar sem hún fór með sigur af hólmi. Það var margt annað forvitnilegt sem kom í ljós þegar við fengum að skoða í fataskápinn hennar.

„Uppáhaldsbúðin mín er Rokk og Rósir. Annars hef ég alltaf gaman af að kíkja í búðir og athuga hvort það er ekki eitthvað sem mig vantar,“ segir Svala.



**Hvítur bolur og gallabuxur** „Buxurnar fékk ég að gjöf frá kærastanum mínum, Jóni Ólafi, þegar hann kom frá Orlando í Bandaríkjunum. Ég er mjög ánægð með þessar og nota þær rosalega mikið. Bolurinn er úr Centrum.“

**Brúnn bolur** „Pennan hlýrabol fékk ég ásamt mörgu öðru þegar kærastinn minn kom heim frá Orlando.“



**Sólgleraugu** „Ég hef komist að því að það leynast oft töff sólgleraugu í Zöru í Smáralindinni. Sólgleraugu eru í dálitlu upphaldi hjá mér.“

**Belti** „Ég fékk þetta beltí hjá bestu vinkonu minni, Karlottu. Hún á endalaust af fötum og gaf mér þetta beltí en hún fann það í Gyllta kettinum.“



**Rauður kjóll** „Pennan kjól datt ég inn á í Rokki og Rósum á Laugaveginum. Ég er þínu kjólafrík.“



**Bikíní** „Ég er ekki vön að kaupa mér bikíní og hvað þá á Íslandi. Ég sá samt þetta bikíní og fannst það of krúttlegt til að kaupa það ekki. Doppótt er líka að koma rosalega mikið inn núna.“





**Sigurdressið bar af** „Þessi kjóll fékk dálitla athygli á sínum tíma. Meðal annars vegna þess hversu skær liturinn er. Selma Ragnarsdóttir fatahönnuður saumaði hann og hannaði. Ég var með rauðan lit í huga fyrst en svo kom hún með frumlega hugmynd sem var lemon-grænn litur. Mér leist vel á hann og fannst tilvalið að skella mér á hann. Rauði liturinn var líka frekar áberandi í

sömu keppni og ég var mjög ánægð að hafa dóttið inn á einhvern annan lit,“ útskýrir Svala og heldur áfram: „Ég hef ekki notað kjólinn neitt eftir þessa keppni en Selma saumaði á mig nýjan kjól fyrir Ungfrú Ísland.“



**Svartar hnébuxur í tísku**

„Þessar eru klassískar svartar og er skemmtilegt að eiga fyrir sumarið. Ég hef oft spáð í það hvort hnébuxur eru virkilega að koma aftur í tísku.“



Það var margt um manninn á frumsýningu á Galdraskyttunni í Þjóðleikhúsinu um helgina.



# LISTAHÁTÍÐ LAUK ME



**Leikhúsmenn** Þjóðleikhússtjórnarnir fyrrverandi Sveinn Einarsson og Stefán Baldursson létu sig að sjálfsögðu ekki vanta.

**L**istahátíð lauk um helgina og var lokaviðburðurinn frumsýning á Galdraskyttunni, einni víðamestu óperusýningu sem farið hefur á fjallirnar hér á landi. Óperan, sem er tvö hundruð ára gamalt tónverk, er samstarfsverkefni Sumaróperunnar við Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og Dansleikhúsið og aðeins fjórar sýningar verða á verkinu. Það var mikið lagt í sýninguna og voru gestir sammála um að hún hefði verið hin glæsilegasta.



**Viðamikíð verk**  
Það var mikið lagt í þessa glæsilegu sýningu.

**Bjarni Brynjólfsson fyrrverandi ritstjóri Sæð og heyr**  
Mætti ásamt konu sinni Ingibjörgu Önnu Arnarsdóttur. Hér eru þau ásamt Sjón.

**Hress feðgin Helgi H. Jónsson**, fréttamaður á RÚV, ásamt dóttur sinni, Oddnýju og Jóni Þorgeiri Kristjánsyni.

# Þ GALDRASKYTTUNNI

**Stórglæsileg** Það geislaði af þarinu Dísellu Lárusdóttur og Teddy Kernizan á frumsýningunni.

**Hugguleg hjón** Börn Brynjólfur og Hrefna Haraldsdóttir.

45

**Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með  
heilbrigðum lífsstíl**





**Segir brandara**  
Apinn er enn á  
sínun stað.

**ALVÖRU  
FÓLK**



Það var mikið húllumhæ á fjölskylduhátíðinni í Eden

# APINN EKKI Á FÖRUM

**A**pinn sem gefur egg og segir brandara er hérna enn og verður áfram, hann er einn af okkar bestu starfsmönnum. Við ætlum ekki að breyta gamla sjarmannum við Eden. Það eru engar stórtækar útlitsbreytingar en við höfum tekið til hendinni, málað og frískað upp á staðinn," segir Baldvin Samúelsson, nýr framkvæmdastjóri Edens í Hveragerði. „Við ætlum að gera þetta að fjölskylduparadís og það hefur gengið mjög vel hjá okkur. Það verður skemmtileg dagskrá hérna allar helgar þar sem við verðum með trúða og skemmtikrafta fyrir börnin. Það eru komnir páfagaukar, risarækjur og fiskabúr og Amazon-páfar hérna. Eins erum við búin að bæta verslunina með flís og ullarvöru, blómasösluna og grænmeti.“

Mánaðarlega er haldin fjölskylduhátíð í Eden. Þessar myndir voru teknar um síðustu helgi og á þeim má sjá að fólk er svo sannarlega ánægt með breytingarnar.



**Fint í Eden** Það er  
búið að hreinsa til  
og gera fint í Eden.

**Trúður** Það verða  
skemmtikraftar fyrir börn-  
in allar helgar í Eden.



**Endurvekur gamla  
sjarmann** Baldvin  
Samúelsson er nýr fram-  
kvæmdastjóri Edens.



**Herlegheit á sviði Borg-  
arleikhússins** Sýningin bar  
heitið **Straumar**. Sýndar voru  
mismunandi dansstefnur og  
einnig vísaði þemað í strauma  
í lífi fólks.

**Straumar!**



# STÓÐU SIG ROSALE

Nanna Ósk Jónsdóttir yfirumsjónarmaður Dansstúdíós World Clas



**Hæfileikarík og skap-  
andi** Hópurinn stillti  
sér upp baksviðs fyrir  
ljósmyndara Hér & nú.



Sveifla Hér sjáum við flotta dansara sýna.



Að sýningu lokinni Nanna, Ivar Örn og aðrir  
aðstandendur sýningarinnar Straumar.



Í góðu stuði  
Nanna dansari og  
Ívar Örn leikari.

# EGA VEL Á SVIÐINU

s hélt ásamt 150 nemendum stúdíósins sýningu í Borgarleikhúsinu

Sýningin hófst með mikilfenglegu atriði þar sem Ívar Örn Sverrisson leikari sýndi dönsurum hina einu sönnu „danstakta“ í hlutverki Henson-karlsins,“ segir Nanna Ósk Jónsdóttir yfirumsjónarmaður Dansstúdíó World Class þegar við biðjum hana og Ívar að stilla sér upp. „Þetta var árleg nemendasýning nemenda sem eru í skólanum. Öll sýningin heppnaðist rosalega vel. 300 gestir mættu en nemendur sem stunda dansnám í skólanum eru 150 talsins,“ segir Nanna ánægð með sýninguna og bætur við til fróðleiks að í skólanum kenna þær jazzballet, jazzfónk og nýtiskugötudansa eða „street“ eins og það er kallað. „Við kennum líka hip hop og brake. Gaman er að geta þess að nemendur dansstúdíósins æfðu af miklum krafti fyrir sýninguna í allan vetur.“

Sætar skvísur á sviði Dansað af mikilli innlifun.



**Baldur Sigurðarson er athafnamaður með meiru. Hann er gluggaþvottamaður að atvinnu en einnig áhugaljósmyndari, konsertpíanisti, vélstjóri og göngugarpur. Baldur kynnir lesendur fyrir grátinum og gleðinni í háloftunum.**



**Vanur maður**  
Baldur mundar kústinn af fagmennsku.

# ÞÚSUNDÞJALASMIÐUR Í G

Það má segja að skrifstofa Baldurs Sigurðarsonar hangi í lausu lofti. Hún er einnig í þvítíkri hæð að hugrökkustu karlmenn kikna í hnjánum. Baldur er gluggaþvottamaður.

## Engin lofthræðsla

„Það er útilokað að vera lofthræddur, þá gæti maður ekki verið í þessu starfi,“ segir Baldur. „Þetta getur verið svolítið skuggalegt stundum þegar maður er kominn upp í 40 metra hæð. Hús verslunarinnar er til dæmis oftast þrífð þannig að menn fara í sigköðlum, eins og fjallaklifrarar. Menn vaða bara fram af þakinu í köðlum. Þannig að þetta er rosafjölbreytt starf.“

En það er eitt sem menn verða að vera: í góðu formi. Þetta er náttúrulega ekkert ósvipað fjallaklifri. Maður hangir í einhverjum spotta að þrifa á

fullu og þular. Þannig að þetta er ekkert grín.“

Þótt Baldur fari að nálgast fertugt er hann óstöðvandi orkubolti. „Ég er í bílabraski yfir veturinn. Ég á gamlan Rolls Royce og húsbíl og svona. Fyrir utan það leik ég á harmonikku og spila mikið í brúðkaupum og svoleiðis. Ég er sko konsertpíanisti og fór svo að leika mér á harmonikku fyrir nokkrum árum, þannig byrjaði þetta. Ég fer oft upp í Bása með ferðafélaginu Útivist og spila á nikkuna við varðeldinn. Svo er ég líka vélstjóri. Þannig að þessi blanda af störfum „meiðar ekkert sens“,“ segir Baldur og hlær.

## Gluggaþvottamenn með skítuga glugga

Aðspurður hvernig rúðurnar séu heima fyrir svarar Baldur: „Þær eru tandurhreinar! Hjá mér er þetta ekki eins og bifvélavirk-

inn á biluðum bíl eða píparinn með allt á floti heima hjá sér. En þetta tíðkast mjög mikið í þessum bransa, að gluggaþvottamenn séu með skítuga glugga heima hjá sér. Ég þekki einn gluggaþvottamann sem fær vin sinn til þess að þrifa gluggana hjá sér og borgar honum fyrir.“

## Íbúðirnar verða ósýnilegar

Hefur Baldur einhvern tíma orðið vitni að einhverju sérkennilegu í gegnum rúður viðskiptavina?

„Það skrítna er við þennan þvottabransa að maður hættir að sjá inn um rúðuna. Maður sér bara óhreinindin á glerinu. Það er dálítið merkileg upplifun. Maður þrífur heila blokk og hugsar svo til baka og fattar að maður sá ekki inn í eina einustu íbúð. Þannig að það eru voða fáar sögur úr bransanum um eitthvað svona.“







# LUGGAPRIFUM



**Gluggapvottur í Orkuveituhúsinu**  
*Baldur er laus við alla lofthræðslu.*



**Ekki fyrir lofthrædda**  
*Hæðin getur verið rosalet.*



**Líftíminn lengdur**  
*Árleg þrif geta lengt líftíma húss um 10 ár.*



Á Árbæjarsafninu geta menn fræðst um íslenska byggingarsögu og kynnst handverki sumartímanna. Þessar stúlkur mjólka, þrjóna og strokka eins og þær eigi lífið að leysa

## DÁLÍTIL BARBÍDÚKKA

Ásta Fanney Sigurðardóttir er 19 ára MR-mær og leggur stund á náttúrufræði yfir vetrarmánuðina. Hún segist passa vel á Árbæjarsafnið. „Ég er dálídið þjóðleg í mér. Mér finnst til dæmis mjög gaman að þrjóna og hekla og svoléiðis.“

Þar sem hún situr við gamalt orgel, uppáklædd í búning tólmthúskonu, er hún spurð hvort hún sé hluti af sýningunni. „Já, maður er dálítil barbíúkka hérna,“ segir Ásta og hlær og tekur vélmennahreyfingar í stíl.

Helsti draumur Ástu er að verða uppfinningakona. „Það er kannski dálídið barnalegt. Vísindi og allt svoléiðis heillar mig dálídið. Ég hef líka voða mikinn áhuga á myndlist og ég teikna voða mikið. Oft gleymist námið þegar ég missi mig í að teikna. Ástríðan er það mikil.“

# HEIMASÆTURNAR Á



tyrri tíma og þá duga engin vettlingatök. Fjöldi ungra fjóða leggur nám á hilluna yfir  
n. Hér & nú fór á staðinn og lét heillast upp úr skónum af þessum þjóðlegu meyjum.

## ÞJÓÐLEGUR HEIMSBORGARI

**F**jóla Kristín Magnúsdóttir er heimsborgari af Guðs náð. „Ég bjó úti í París í fyrravetur. Ég tók sko stúdentspróf úr frönskum menntaskóla í Austurríki. Svo er ég að flytja til Kaupmannahafnar í haust til þess að fara í skóla. Ég er svo ung að ég má alveg gera þetta.“

Ástæðan fyrir því að Fjóla og fjölskylda hennar voru búsett í Austurríki er að faðir hennar er stórlax í kjarnorkumálum í Evrópu. „Pabbi minn er að vinna hjá Sameinuðu þjóðunum þarna úti. Hann er yfirmaður hjá alþjóðlegri kjarnorkustofnun. Fjölskyldan mín er þar í sumar og ég er hér.“

Fjóla hefur ástina á Árbæjarsafninu í blóðinu. „Mamma mín var að vinna hérna þegar hún var ung og sagði að þetta væri voða skemmtilegt starf. Þannig að ég sló til.“

# ÁRBÆJARSAFNINU

# HUGSUÐUR VIÐ MJALTIR

Í gamla Árbænum situr ungur heimspékingur og veltir fyrir sér tilvist Guðs og eðli veruleikans. Hugsuðurinn heitir Berglind Eygló Jónsdóttir og er að læra heimspeki í Háskóla Íslands. Það er samt ekki hennar framtíðarstarf. „Ég hef áhuga á fjölmiðlun. Mig langar að taka master í einhvers konar fjölmiðlun og langar að verða blaðamaður þegar ég verð stór.“

Þetta er fyrsta sumarið sem Berglind vinnur á Árbæjarsafninu. „Þetta er forvitnilegt og furðulegt. Samt mjög gaman. Maður fær að vera bæði inni og úti. Maður talar íslensku og útlensku. Maður vinnur líka með fullorðna jafnt sem börn. Þetta er eiginlega bara allur skalinn.“

Þrátt fyrir að Berglind sé búsett í Grafarvoginum á hún ekki í neinum vandræðum með handtökin á Árbæjarsafninu þar sem hún var í sveit hjá ömmu og afa í æsku. „Já, já, ég hef allveg mjólkað og svona. Þannig að maður er ekkert hræddur við þetta starf. Bara svo lengi sem einhver hefur hemil á beljinni á meðan.“

# HEIMASÆTURNAR Á



# ÁRKONAN MEÐ ÁHUGAMÁLIN

Það er náttúrulega gaman að fá að vera í búningi,“ segir Hjördís Alda Hreiðarsdóttir sem mannar afgreiðsluna af mikilli list. Hjördís er nýbúin með stúdentinn sem hún tók í Menntaskólanum við Sund. Hjördís komst í fréttir DV síðastliðinn vetur þar sem hún var ármaður nemendafélagsins og sat gjarnan fyrir svörum vegna óheflaðrar skemmtanafýsnar sammemenda sinna. Hjördís gerir lítið úr sögusögnunum og horfir til framtíðar. „Ég ætla að gera eitthvað brjálað. Ég ætla að fara á flakk til Frakklands og Bandaríkjanna. Ég ætla að vera í ár og svo ætla ég að fara aftur í nám.“

Það er margt fagið sem heillar Hjördísi. Hana langar að læra verkfræði, ensku, frönsku, íslensku, bókmenntafræði eða stjórnmálafræði. Þegar hún verður stór langar hana að verða dómari eða athafnakona og rithöfundur í fristundum.

# ÁRBÆJARSAFNINU



# VÖRUR FRÁ INDI



**Ólíkir heimar** *Marín*  
upplifði framandi  
menningu á Indlandi  
og í Nepal.



# LANDI OG NEPAL

## Mæðgurnar Marín Ásmundsdóttir og Halldóra Hermannsdóttir reka saman litla verslun í Hafnarfirði

Mæðgur Marín og Halldóra í búðinni sinni, Namaste.

Ég var að ferðast um Indland og Nepal í hálf tveggja ár og mér fannst það sem þeir gera meiriháttar flott og ég gjörsamlega féll fyrir textílum og handverkinu,“ segir Marín aðspurð hvernig hugmyndin að versluninni hafi kviknað en hún rekur ásamt móður sinni verslunina Namaste á Strandgötunni í Hafnarfirði þar sem þær selja vörur frá Indlandi og Nepal.

„Þetta er bara lítið fyrirtæki og við erum með opið tvisvar í viku. Hugmyndin er að halda þessu svona litlu og einföldu.“

### Nepalskur kærasti

„Ég fór upphaflega til Nepal vegna þess að kærastinn minn er nepalskur. Hann kom þó ekki með mér heldur fór ég bara ein. Það var rosalega gaman, maður kynnist svo mörgu fólki og maður upplifir svo margt. Það er algjörlega þess virði.“

Ég var einhvern tímann að ferðast um Suður-Ameríku með hópi af fólki og ég fann að það hentaði mér ekki, maður gat ekki farið þangað sem maður vildi og stoppað þar sem maður vildi. Það gefa sig fleiri á tal við þig þegar þú ert einn á ferð,“ segir Marín.



### Fá sér aðeins í tána

Marín selur ullarvörur, rúmteppi úr silki, sjöl úr kasmír og töskur úr buffalóaleðri, svo eitthvað sé nefnt, sem hún uppgötvaði á ferðalögum sínum. „Ég fer út að versla við framleiðendur úti. Verksmiðjurnar þeirra eru mjög litlar, í raun bara heima í eldhúsinu og eru með konur sem bródera uppi í fjöllum.“

Sem dæmi, þá er ég með töskur úr buffalóaleðri. Þeir rækta buffalóa en ekki í þeim tilgangi að nota húðina, en þeir nota bara húð af sjálfdauðum dýrum. Það eru engir vegir þarna og það er sex tíma gangur í þorpið þar sem hún er framleidd. Fólkið þarf oft að ferð-



ast margar dagleiðir til að ná sér í húð. Nepal er mjög vanþróað land, á Indlandi sér maður bæði fátækt og ríkidæmi en í Nepal sér maður ekki ríkt fólk.

Allar töskurnar eru handsaumaðar og framleiðandinn þekkir hvaða kona gerði hvaða tösku á saumskapnum. Þeir eiga það til að fá sér í tána þarna og hann sér líka þróunina í töskunni eftir því hversu mikið hafði verið drukkið,“ segir Marín og hlær.

### Höfðu ekki heyrt um Ísland

„Það gengur mjög vel að skipta við fólk úti. Í fyrstu átti ég í miklum erfiðleikum með að finna fyrirtæki sem vildi flytja vöruna hingað heim vegna þess að fólk hafði aldrei heyrt um Ísland en ég fann þó að lokum fyrirtæki sem var tilbúið að gera það,“ segir Marín.

„Við höfum fengið rosalega góðar viðtökur hjá fólki. Þetta er skemmtileg vara og það er ekkert fjöldaframleitt. Þetta gengur mjög vel,“ segir Marín að lokum.



Ferðalangur  
Marín á einu af  
ferðalögum sínum.

Texti: Berglind Halla Elfuðóttir og Jón Mýrdal

# Gunnar Hansson leikari segir sögur úr bransanum:



**Bjólfskviða** Gunnar var með blettaskalla í fimm vikur vegna hlutverksins.

# KVENLEG ÖSKUR ÚR BARKA OG BEDIÐ TIL GUDS

BRANSASAGAN

**M**ér dettur fyrst í hug sögur sem tengjast kvikmyndatökum og veðrinu á Íslandi,“ segir Gunnar Hansson leikari, beðinn um sögur úr bransanum. „Það þekkjja það allir sem hafa staðið í kvikmyndatökum á Íslandi að það er ekki mjög gott að stóla á íslenska veðrið í því samhengi...

Þegar við Sigtismenn vorum við tökum á sjónvarpsþáttunum okkar vorum við svo ánægðir því að það virtist alltaf brjótast fram sól þegar við fórum í útitökum. Við vorum ótrúlega heppnir í því tilliti bæði í ágúst og október 2005 og svo í febrúar síðastliðnum. Við höldum að við værum á einhverj-

um sérsamningi hvað veðrið varðaði, en það átti víst bara við um útitökum á Íslandi, því þegar við höldum út fyrir landsteinana til Lundúna, eftirlætisborgar Frímanns Gunnarssonar, þá snerist dæmið við. Við vorum búnir að sjá í hillingum góðar stundir við tökum í stórborginni, en það var öðru nær.

## Haldór í hættu

Allan tímann sem við vorum þar var migandi rigning. Við urðum engu að síður að ná öllum þeim senum sem við vorum búnir að plana þarna úti og með mikilli elju (og bleytu) náðist það nú að lokum og eiginlega var það

stór-afrek að allir hlutaðeigandi og tækin kæmust ósköddu út úr þessum monsun-rigningum.

Og við fengum meira að segja að sjá drottninguna í gylltum hestvagni.

Reyndar var það helst Halldór Gylfason sem var í mestri hættu því hann varð blautur og kaldur inn að beini og því miður hafði pródúsjónin ekki nægan pening til þess að kaupa regnhlíf handa honum... hann var einfaldlega ekki nógu hátt skrifaður innan hópsins og svo kunni hann ekki nógu góða ensku til þess að versla sér regnhlíf þarna úti, einn og óstuddur.

En við hlúðum vel að honum

um kvöldið uppi á hótélherbergi með heitum drykkjum; ensku morgunverðar-tei, enda var það ókeypis, eða innifalið í verðinu.

## Eins og fjöður í vindi

En líklega hef ég aldrei verið jafnhræddur um líf mitt og haustið 2004 þegar ég var að leika í kvikmyndinni Bjólfskviðu sem var tekin upp í nágrenni Víkur í Mýrdal. Ég þurfti nefnilega að keyra á tökustað um miðja nótt, þar sem ég hafði verið að leika í sýningu í Borgarleikhúsinu kvöldið áður, og þurfti að vera kominn á tökustað fyrir austan klukkan hálf sjö næsta morgun.

Þessa nótt var í einu orði





**Lundúnir** Eftirlætisborg Frímanns Gunnarssonar í Sigtínu. Með pródúsentunum sem tímdu ekki að kaupa regnhlíf handa Halldóri Gyffasyni.

## „Bíð spenntur eftir að sjá sannfærandi leik minn í dauðastjarfa og þakka fyrir að ég var bara að LEIKA dáinn mann...“

sagt ótrúlegt veður. Ég hef persónulega aldrei upplifað annan eins vind, ég kann ekki að segja hversu margir metrar á sekúndu þetta voru, en þeir voru ansi margir. Ég var einn í bílnum, með einhverja tónlist í botni, sem átti að gegna því hlutverki að róa mig, en ég heyrði ekkert í henni fyrir vindinum og ég skalf af hræðslu alla leiðina.

Bíllinn kastaðist til á veginum, var eins og lítil fjöður í vindi. Sérstaklega þegar ég keyrði við rætur fjallanna við suðurströndina, því þá komu ótrúlegar vindhviður og það var engin leið að vita úr hvaða átt þær kæmu. Ýmist brunandi niður fjalls-

hlíðarnar eða öskrandi inn af sjónum og ég viðurkenni að ég æpti margoft upp yfir mig, einhver þau kvenlegustu öskur sem komið hafa úr mínum barka.

Á tveimur stöðum f auk svo mikið vatn yfir veginn að það var eins og ég væri að keyra í gegnum foss – og auðvitað í engu skyggni – og það sem merkilegt var að það var hvort úr sinni áttinni. Í annað skiptið var það úr á ofan við veginn og í hitt skiptið inn af sjónum. Nokkrum sinnum fannst mér bíllinn hreinlega takast á loft á veginum og þá fór ég að biðja upphátt til Guðs.

Á endanum komst ég grár í framan á tókustað, þar sem all-

ir voru í rólageitum að borða morgunmat, grunlausir um lífsreynslu mína.

### Náði dauðum manni vel

Svo er þetta svo einkennilegt starf að ég þurfti að drífa mig í beinu framhaldi af þessu í rifinn betlaragalla frá víkingaöld og fara að leika spastískan kryppling (ég var með blettaskalla í fimm vikur fyrir þetta hlutverk!).

Þennan dag lá ég stóran hluta af deginum á jörðinni, dauður, höfuðið sneri öfugt á bóknum (ekki spyrja mig hvernig þeir gerðu það, einhverjar kvikmyndabrellur!), í sandstormi og eins til tveggja stiga hita. En

ég held að grái liturinn á húðinni, frá því um nóttina, hafi hjálpað ágætlega til því ég þótti ná dauðum manni alveg glettilega vel.

Seinna um daginn f auk hnefastór steinn í gegnum rúðu eins bílanna á svæðinu og þá var hætt tókum þann dag.

Þar sem ekki er enn búið að sýna Bjólfskviðu hér á landi bíð ég enn spenntur eftir því að sjá sannfærandi leik minn í dauðastjarfa á hásléttum Suðurlands. En ég þakka Guði fyrir að ég var bara að „leika“ dauðan mann eftir reynslu næturinnar.

Sirry skrifar um hamingjuna:

# HAMINGJAN HEIMSÓTTI MIG — ÉG VAR HEIMA OG TÓK EFTIR HENNI

**H**amingjuleitin er stór hluti lífsins. Það eru allir að leita að henni og margir að reyna að selja okkur hamingjuna í einu eða öðru formi.

En hvað mig varðar, þá hef ég komist að því að hamingjan er tilfinning eða ástand sem kemur af og til. Og þá er betra að vera ekki svo upptekinn, stressaður eða hávaðasamur að maður taki ekki eftir hamingjunni þegar hún bankar upp á. Það er samt alveg óþarfi að sitja hljóður og biða bara eftir hamingjunni. Maður getur nú lagt eitthvað á sig.

Geðorðin 10 og boðorðin 10 eru lykillinn að hamingjunni. Það er til lítils að reyna að bæta líf sitt ef maður setur ekki grundvallaratriðin í fyrsta sæti.

## Fleiri spor í rétta átt í hamingjuleitinni:

Þakklæti – ef maður temur sér þakklæti og vinnur í því að þakka fyrir hið góða kemst maður ekki hjá því að njóta hamingju.

Verklok – ef maður lýkur því sem maður tekur sér fyrir hendur, (klárar nám, verkefni, bók, þrif... eða hvaða verkefni sem maður byrjar á), helling hamingjan mun oftar yfir mann.

Einfaldleiki – maður þarf að passa sig að festast ekki í skuldafeni eða lygavef því þá heilsar hamingjan síður upp á mann.

Maður þarf að hreyfa sig og sofa reglulega.

Og svo þarf maður að hafa hjartað opið og hlusta á hamingjuna því hún er alls ekki hávær. Allavega ekki þegar hún bankaði upp á hjá mér síðast. Það var um helgina – ég gekk út í garð með blöðin og morgunkaffið, veðrið var milt og ilmurinn af gullsópnunum og fleiri blómum tók fagnandi á móti mér. Börn að leik og góðir grannar í kring

og ég fann svo sterkt fyrir góðri tilfinningu: Hamingjunni. Ég fann að ég hafði ræktað garðinn minn í margvíslegum skilningi, uppskorið eins og ég sáði og ég hafði svo margt að þakka fyrir. Allt var svo gott þessa stund. Ég staldraði við og naut hamingjustundarinnar.

Ég safna svona stundum. Það er óraunhæft að ætla að hamingjan sé viðvarandi ástand. Slíkt væri bara heimtufrækja. Hún kemur af og til.

## Hamingjufæla

Það er alveg nauðsynlegt að vera maður sjálfur, gangast við tilfinningum sínum. Fólk í felum sem leikur eitthvert hlutverk og þykist vera annað en það er, er eins og gangandi hamingjufæla.

Í nýja sjónvarpsþættinum mínum, sem heitir „Órlagadagurinn“ og byrjar á sunnudaginn, 11. júní, í opinni dagskrá á Stöð 2 og NFS kl. 19.10, verður rætt við fólk sem upplifað hefur órlagaríka daga og atburði. Fyrsti gesturinn minn, Beggi, kokkur að vestan, var með sömu konunni í 25 ár og eiga þau fjögur börn. Órlagadag kynntist hann brasilískum manni, Pacasi, varð ástfanginn af honum og þeir hófu sambúð. Í þættinum segir Beggi frá því að hann hafi kynnst hamingjunni og sé nú óttalaus og ánægður því hann gekkst við tilfinningum sínum. En sumir ættingjar geta ekki sætt sig við breytinguna og hafna honum og sambýlismanni hans.

Hvers vegna má fólk ekki bara vera eins og það er? Hamingjan getur komið til okkar í öllum regnbogans litum. Og hún kemur örugglega ekki til okkar ef við stöndum í vegi fyrir hamingju annarra.

En meira um þetta í Órlagadeginum, fyrsta þætti, sunnudagskvöldið klukkan rúmlega 7.

[sirry@365.is](mailto:sirry@365.is)

**Verða í fyrsta þættinum**  
Guðbergur Þór Bergsson og kærastinn hans. Sirry ræðir við þá í þættinum Órlagadagurinn á Stöð 2 á sunnudaginn.



*Sirry segir*



*Beggi segir frá því að hann hafi kynnst hamingjunni og sé nú óttalaus og ánægður því hann gekkst við tilfinningum sínum.*



## Harpa talar um hjátrúna, Arnald Indriðason og síðast en ekki síst sönginn.

### 1. Syng í brúðkaupum og alls kyns veislum

„Ég tók þrisvar þátt í söngvakeppni MR. Ég elska að syngja og geri nokkuð af því að syngja í brúðkaupum og alls kyns veislum.“

### 2. Ellefu sinnum á Þjóðhátíð

„Ég elska Þjóðhátíð í Eyjum. Ég hef farið 11 sinnum og er langt frá því að vera hætt.“



### 3. Les Arnald spjaldanna á milli

„Ég held mikið upp á Arnald Indriðason og hef lesið allar hans bækur.“

### 4. Mjög viðkvæm

„Það getur verið stutt í tárin hjá mér. Ég á það til að hágráta yfir bíómyndum, svo ekki sé talað um brúðkaupum og ýmsum annars konar tilefnum.“

### 5. Engin tilviljun að Haukar urðu fyrir valinu

„Pabbi minn heitinn, Gunnlaugur Melstæð, var í hljómsveitinni Haukar og var fæddur 12. apríl, sama dag og Knattspyrnufélagið Haukar var stofnað.“



### 6. Veraldarvön en aldrei farið hringinn

„Ég hef ferðast til óteljandi landa, allt frá Grænlandi til Kuala Lumpur, en ég hef aldrei farið hringinn (það stendur þó til bóta).“



### 7. Tómatar ekki á vinsældalistanum

„Ég borða nánast allan mat en mér hafa aldrei þótt tómatar góðir. Ég er einnig lítill fyrir léttvín en langar mikið til að læra að drekka gott léttvín með góðum mat.“

### 8. Mamma er best

„Ég verð að heyra reglulega í mínum nánustu, bæði fjölskyldu og vinum, stundum oft á dag. Ég er líka mjög mikil mömmustelpa.“

### 9. Svolítið seinheppin stundum

„Ég á það til að vera dálítið seinheppin stundum. Til dæmis í

landsliðsferðum var það oftast ég sem fékk ekki töskuna mína, fékk hana sundurskorna eða útataða í einhverju ógeði.“

### 10. Hjátrúarfull

„Ég er ópolandi hjátrúarfull í sambandi við handboltann. Ég á til dæmis ákveðna snaga í öllum íþróttahúsum sem ég keppi í.“

# 10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

# HJÁTRÚARFULL Í HANDBOLTANUM





# Hinar vinsælu dönsku bókahillur komnar aftur

Tekk - Kirsuberja - Hlynur

Hringið og biðjið um mynda- og verðlista

HEIMILISPRÝÐI



HÚSGAGNAVERSLUN V/HALLARMÚLA - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 553 8177 & 553-1400

# SKEMMTU EFGASTA

## SPURNINGAKEPPNI

### SPURNINGAKEPPNIN SPURÐU VIN ÞINN



1. Hver verður næsti forsætisráðherra Íslands?
2. Hver er ritstjóri tímaritsins Séð og heyrð?
3. Með hvaða hljómsveit mun Björgvin Halldórsson halda tónleika í haust?
4. Hvað heitir Mugimama réttu nafni?
5. Hvers lenskur er körfuknattleiksmaðurinn Dirk Nowitzki?
6. Fyrir hvað stendur H-ið í Geir H. Haarde?
7. Hver mun reyna að verja titil Unnar Birnu í keppninni Ungfrú heimur?
8. Hvað heitir einkasonur fjölmiðlamannsins Kristjáns Þorvaldssonar?
9. Hvernig er fáni Gana á litinn og hvað er í miðju hans?
10. Hvert hélt Chloé Ophelia eftir sambands slitin við Árna Elliott?
11. Hvernig bindi var Halldór Ásgrímsson með þegar hann tilkynnti brotthvarf sitt úr stjórn málum?
12. Með hvaða liði leikur knattspyrnumaðurinn Viktor Bjarki Arnarsson?
13. Hvað fékk Jónas Garðarsson formaður Sjómannafélags Reykjavíkur langan fangelsisdóm?
14. Í hvaða stjórnumerki er Bubbi Morthens?
15. Matthew McConaughey hætti með kærustu sinni á dögnum. Hvað heitir hún?
16. Hver samdi lagið Litill drengur?
17. Hver skrifaði bókina Barn að eilífu?
18. Frá hvaða landi er kærasta Benedikts Magnússonar kraftlyftingamanns?
19. Með hvaða liði leikur handknattleiksmaðurinn Arnór Atlason á næsta ári?
20. Hver leikstýrði kvikmyndinni Hvítir mávar?




### Meðalskorið í þessari spurningakeppni er 8

#### RÉTT SVÖR

1. Hann var ekki með blind
2. Mikael Torfason
3. Síntónihljómsveit Íslands
4. Rúnna Esradóttir
5. Þyskur
6. Hilmar
7. Ásdís Svava Hallgrímsdóttir
8. Þorvaldur Davíð Kristjánsson
9. Raudur, gulur og grænn með
10. Til Indlands
11. Tíll Indlands
12. Svarta stjórn í miðjunni
13. Þriggja ára óskilríkisbund-
14. Hann er tvíburi
15. Penelope Cruz
16. Magnús Kjartansson
17. Sigmundur Ernr Rúnarsson
18. Brelandi
19. FCK í Kaupmannahöfn
20. Jakob Frimann Magnússon








Mynd: Þorvaldur

# DÓRI SAGÐI AF SÉR

# HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.36

		1	2	3		4	5	6				
					7		8		9			
				10		11						
	12	13		14		15					16	17
18				19	20				21		22	
23			24		25			26		27		
	28			29			30		31		32	
33			34			35		36		37	38	
		39		40			41		42		43	
44	45				46			47		48		49
50			51	52		53				54		55
		56		57		58		59			60	
		61				62				63		
									64			

## LÁRÉTT

- 1 GUDSHÚS (3)
- 4 ÞAKBRÚN (3)
- 8 LOKA (3)
- 10 EITRUÐ PLANTA (6)
- 12 KAPPLÆÐA (4)
- 15 SKYNFÆRA (5)
- 16 TVEIR EINS (2)
- 18 FÚADÝ (3)
- 19 FJALL (4)
- 21 VESÆLL (5)
- 23 SJÁVARDÝR (4)
- 25 SLÆMA (4)
- 27 KATTARDÝR (4)
- 28 ÚRRÆÐI (5)

- 30 HERMA (3)
- 32 FORSKEYTI (3)
- 33 GUÐ (2)
- 34 LAND (4)
- 36 UTAN (3)
- 38 Í RÖÐ (2)
- 39 BOR (2)
- 40 KVK NAFN (4)
- 42 BLIKK (4)
- 44 HÓLF (3)
- 46 BLÓÐORMUR (4)
- 48 Á LÍÐANDI STUNDU (2)
- 50 GRÓÐABRALL (5)
- 53 ANGAN (3)
- 54 KROPP (4)

## LÓÐRÉTT

- 1 Í DYRAGÆTT (4)
- 2 EINNIG (2)
- 3 SKORDÝR (3)
- 5 SVIF (4)
- 6 VERÐA AUMUR (5)

- 7 YFIRSTÉTT (5)
- 9 LÍTIÐ GLAS (5)
- 11 LÍTILL BÁTUR (5)
- 12 SKIPTA (5)
- 13 MÆLIEINING (4)
- 14 FRÁ (2)
- 17 ARK (5)
- 18 TVEIR EINS (2)
- 20 SÁ SEM BYR EINN (6)
- 22 NAGDÝR (3)
- 24 GALDRAR (4)
- 26 SPENDÝR (3)
- 29 BEISKUR (3)
- 31 Á MÓTI (3)
- 33 SPJALL (4)

- 35 ILMUR (4)
- 37 ATORKA (5)
- 39 FLANA (3)
- 41 ÆTÍÐ (6)
- 43 BLÁSA (3)
- 45 TÍMAEINING (2)
- 47 TEYGJUDÝR (5)
- 49 HRINDING (5)
- 51 JAFNFRAMT (4)
- 52 ÚTUNGUN EGGJA (4)
- 55 FÚI (4)
- 57 DRULLA (3)
- 59 ÞREYTA (2)
- 62 ÓREIÐA (2)
- 63 BORDAÐI (2)



# VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



## MARKISUR



[www.markisur.com](http://www.markisur.com)

Hrein Fjárfesting ehf

**REX**

Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma  
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

*hér&nú*

**STÚLKAN**

**Hildur  
Stefánsdóttir  
18 ára**

Ég er átján að verða nítján núna í desember," segir Hildur Stefánsdóttir sem stundar nám í Verzlunarskóla Íslands. „Ég er líka að vinna í Retro í Smáralindinni sem var gríðarlega gaman.“ Í sumar ætlar Hildur að ferðast og hafa það gaman. Mest langar hana að fara til útlanda. Hildur á kærasta sem heitir Fannar Már.





# GOLDFINGER

Smiðjuveg 14 • Kópavogur • Sími: 577-4210 • [www.goldfinger.is](http://www.goldfinger.is)

**Opið öll kvöld frá kl 20 • Mikið úrval vískítegunda  
Hópur gullfallegra kvenna tekur vel á móti þér og leikur fyrir þig listir sínar**





# EKKERT FJARLÆGT! ENGU BÆTT VIÐ!





# Af því að heima er best

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.



**Hefurðu einhvern tíma átt í vandræðum með myndlykilinn? Ég skal koma heim til þín, tengja og stilla fyrir þig.**



Þegar framboðið af **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu. Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

		
Sjónvarp	Sími & internet	Heimavörn
S M L	S M L	S M L





Mamma.is